

## Fundargerð 277. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Fundað í fjarfundarbúnaði
<b>Fundardagur:</b>	þriðjudagur 7. mars 2023
<b>Fundartími:</b>	9:00-12:07
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Walter Fannar Kristjánsson Harpa Magnúsdóttir Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Óskað eftir því að bæta við fundardagskrá erindi frá Magneu Gunnardóttur-Evans og Greg Evans vegna Gaulverjabærjarskóla. Samþykkt að bæta því við undir lið 11. Lagt til að erindi til kynningar, gjaldskrá Flóaljóss, verði fært undir lið 12. Einnig lagt til og samþykkt að taka fundarhlé eftir lið 1 í fundardagskrá. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Kynning frá lögreglustjóra og Almannavörnum á Suðurlandi

Grímur Hergeirsson lögreglustjóri á Suðurlandi og Björn Ingi Jónsson verkefnisstjóri almannavarna á Suðurlandi komu til fundarins og kynntu starfsemi lögreglunnar á Suðurlandi fyrir sveitarstjórn. Grími og Birni Inga þakkað fyrir góða kynningu.

*Stutt hlé gert á fundi þar sem Ingibjörg Einarsdóttir húsvörður í Þingborg kom og tók á móti þakklætisvotti frá sveitarstjórn Flóahrepps. Ingibjörg hefur um þessar mundir starfað við húsvörslu í Þingborg í 30 ár. Ingibjörgu er hér með þakkað fyrir þau góðu störf sem hún hefur unnið í þágu sveitarfélagsins í þessi 30 ár.*

### 2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 254, dags. 08.02.2023

#### a) Tunga L165506; Tildra; Stofnun lóðar – 2301048

Lögð er fram umsókn Björgvins Njáls Ingólfssonar um stofnun landeignar úr jörðinni Tungu L165506. Óskað er eftir að stofna 18,1 ha landeign og að hún fái staðfangið Tildra. Fyrir liggur rökstuðningur fyrir hvaðan nafnið er fengið. Einnig liggur fyrir samþykkir eigenda Tungu, Baugstaða 4 L165526, Baugsstaða lóðar 1 L208244, Árlundar L165507 og hluta eigenda óskipts lands Baugstaða (Baugstaðir 1, 2 og 3).

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn Björgvins Njáls Ingólfssonar um stofnun landeignar úr jörðinni Tungu L165506. Óskað er eftir að stofna 18,1 ha landeign og að hún fái staðfangið Tildra. Fyrir liggur rökstuðningur fyrir hvaðan nafnið er fengið. Einnig liggur fyrir samþykkir eigenda Tungu, Baugstaða 4 L165526, Baugsstaða lóðar 1 L208244, Árlundar L165507 og hluta eigenda óskipts lands Baugstaða (Baugstaðir 1, 2 og 3).

Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Austurvegur 69 L161892, 69A L194619, 69B L194620, 69D L218885 og 69E L229186; Aðkoma, lóðamörk og byggingarreitir; Deiliskipulagsbreyting – 2301085

Lögð er fram beiðni er varðar breytingu á deiliskipulagi Austurvegar 69 sem er staðsett í Árborg og Flóahreppi. Í breytingunni felst m.a. breytingar á aðkomu, lóðarmörkum og byggingarreitum auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum lóðum innan svæðisins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verðar gerðar athugasemdir við framlagða breytingu á deiliskipulagi vegna Austurvegar 69. Mælist nefndin til þess að málsmeðferð málsins verði ákvörðuð af skipulagsyfirvöldum Árborgar.*

Fyrir liggur beiðni er varðar breytingu á deiliskipulagi Austurvegar 69 sem er staðsett í Árborg og Flóahreppi. Í breytingunni felst m.a. breytingar á aðkomu, lóðarmörkum og byggingarreitum auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum lóðum innan svæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða breytingu á deiliskipulagi vegna Austurvegar 69. Sveitarstjórn beinir því til skipulagsyfirvalda í Sveitarféluginu Árborg að ákvárdar málsmeðferð málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Traustholtshóimi L165505; Álfabrekka; Stofnun lóðar – 2301084**

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar úr landi Traustholtshólma. Um er að ræða 7.865 fm lóð sem fær staðfangið Álfabrekka skv. framlagðri umsókn og lóðarblaði.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnum lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn um stofnun lóðar úr landi Traustholtshólma. Um er að ræða 7.865 fm lóð sem fær staðfangið Álfabrekka skv. framlagðri umsókn og lóðarblaði.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2208025**

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjaholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Tillag aðalskipulagsbreytingar var kynnt frá 29.12.22-20.01.23. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Lækjarholts 1 verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Nefndin vísar því til sveitarstjórnar Flóahrepps að taka afstöðu til ákvæða 1. mgr. 5. gr. jarðarlaga nr. 81/2004 í takt við umsögn Skipulagsstofnunar þess efnis. Að mati nefndarinnar eru um óverulega skerðingu á landbúnaðarlandi að ræða sem hefur nú þegar verið deiliskipulagt fyrir byggð að hluta til. Landnotkumarbreyting þessi tekur til afmarkaðrar lóðar sem liggur þétt að tengivegi og er ekki er talið að breytt landnotkun hafi óeskileg áhrif á aðliggjandi landbúnaðarland.*

Fyrir liggur tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjaholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Tillaga aðalskipulagsbreytingar var kynnt frá 29.12.22-20.01.23. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Lækjarholts 1 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Með vísan til 1. mgr. 5. gr. jarðarlagar nr. 81/2004 telur sveitarstjórn að um óverulega skerðingu á landbúnaðarlandi sé að ræða sem hefur nú þegar verið deiliskipulagt fyrir byggð að hluta til. Jafnframt telur sveitarstjórn að landnotkunarbreying þessi taki til afmarkaðrar lóðar sem liggur þétt að tengivegi og er ekki er talið að breytt landnotkun hafi óæskileg áhrif á aðliggjandi landbúnaðarland.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) **Hnaus 2; Mosató 3; Stækkun hótel; Aðalskipulagsbreyting – 2207020**  
Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að reiknað er með auknu umfangi og heimildum fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 2 L225132 og 3 L225233. Gerð verður breyting á töflu í kafla 2.4.1 um verslun og þjónustu. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótelar með gistiþássí fyrir allt að 60 manns auk þess sem gert er ráð fyrir því að íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss falli undir landnotkun verslunar- og þjónustu. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelid þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m<sup>2</sup> í 2.300 m<sup>2</sup> og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi. Að auki er gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 10 manns í stakstæðu húsi við hótelid á lóð Mosató 2. Tillagan var samþykkt til kynningar á fundi sveitarstjórnar þann 10. janúar 2023. Vegna breytinga á tillögunni er málið lagt fram að nýju.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að reiknað er með auknu umfangi og heimildum fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð verður breyting á töflu í kafla 2.4.1 um verslun og þjónustu. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótelar með gistiþássí fyrir allt að 60 manns. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelid þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Misraemi var í bókun skipulagsnefndar vegna heildarbyggingarmagns og í skipulagslysingu frá EFLU en rétt er að heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m<sup>2</sup> í allt að 3.000 m<sup>2</sup> og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi. Tillagan var samþykkt til kynningar á fundi sveitarstjórnar þann 10. janúar 2023. Vegna breytinga á tillögunni er málið lagt fram að nýju.

Fyrir liggja einnig tölvupótsamskipti milli eiganda og skipulagsfulltrúa eftir að bókun skipulagsnefndar lá fyrir þar sem eigandi bendir á að afgreiðsla skipulagsnefndar sé ekki í samræmi við það sem hann hafði talað um varðandi uppbyggingu íbúðarhúss. Eigandi féll frá hugmyndum um að breyta landnotkun undir íbúðarhúsi í verslunar- og þjónustusvæði. Ekki er því óskað eftir að gerð verði breyting á landnotkun íbúðarlóðar að Mosató 2 (L225132) sem verður áfram skilgreint sem íbúðarhúsnæði og því ekki gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 10 manns í stakstæðu húsi við hótelid á lóð Mosató 2. Tillagan var samþykkt til kynningar á fundi sveitarstjórnar þann 10. janúar 2023. Vegna breytinga á tillögunni er málið lagt fram að nýju.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Sveitarstjórn bendir á að gera þarf lagfæringerar í kafla 1 í skipulagslysingu frá EFLU þar sem talað er um að fella Mosató 2 (L225132)

út sem íbúðarlóð af íbúðasvæði ÍB1 og að það verði hluti af verslunar- og þjónustusvæði VP11 og vísar sveitarstjórn þar í tölvupóstsamskipta eiganda og skipulagsfulltrúa frá 24.02.2023 þar sem eigandi óskar þar með að falla frá þeirri breytingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### 3. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 255, dags. 22.02.2023

#### a) Heiðargerði 5 L188574; byggingarleyfi; Kjötmjölsverksmiðja mhl 01 – viðbygging og ketilhús – 2302020

Fyrir liggar umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Orkugerðin ehf., móttokin 13.02.2022, um byggingarleyfi fyrir 211,8 m<sup>2</sup> viðbyggingu við kjötmjölsverksmiðju mhl 01 og byggja 86,4 m<sup>2</sup> ketilhús mhl 03 á viðskipta- og þjónustulóðinni Heiðargerði 5 L188574 í Flóahreppi. Heildarstærð á kjötmjölsverksmiðju mhl 01 eftir stækkun verður 776,3 m<sup>2</sup>.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins þar sem heimildir er varðar hámarkshæð húsa innan svæðisins verði breytt í takt við framlagða umsókn og önnur hús innan svæðisins. Að mati nefndarinnar er þörf á heildarendurskoðun á deiliskipulagi sem tekur til iðnaðarsvæðisins við Heiðargerði. Mælist nefndin til þess að afgreiðslu málsins hjá byggingarfulltrúa verði frestað þar til breytingu á skilmálum deiliskipulags er lokið.*

Fyrir liggar umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Orkugerðin ehf., móttokin 13.02.2022, um byggingarleyfi fyrir 211,8 m<sup>2</sup> viðbyggingu við kjötmjölsverksmiðju mhl 01 og byggja 86,4 m<sup>2</sup> ketilhús mhl 03 á viðskipta- og þjónustulóðinni Heiðargerði 5 L188574 í Flóahreppi. Heildarstærð á kjötmjölsverksmiðju mhl 01 eftir stækkun verður 776,3 m<sup>2</sup>.

Sveitarstjórn samþykkir að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins þar sem heimildum er varðar hámarkshæð húsa innan svæðisins verði breytt í takt við framlagða umsókn og önnur hús innan svæðisins. Sveitarstjórn telur þörf á heildarendurskoðun á deiliskipulagi sem tekur til iðnaðarsvæðisins við Heiðargerði. Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar um að afgreiðslu málsins hjá byggingarfulltrúa verði frestað þar til breytingu á skilmálum deiliskipulags er lokið. Skipulagsfulltrúa falið að vinna að málinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Syðri-Gróf L166373; byggingarheimild; reiðskemma – 2302019

Fyrir liggar umsókn Axels Páls Einarssonar með umboð landeiganda, móttokin 13.02.2023, um byggingarheimild fyrir 299,1 m<sup>2</sup> reiðskemmu á jörðinni Syðri-Gróf 2 L166373 í Flóahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Fyrir liggar umsókn Axels Páls Einarssonar með umboð landeiganda, móttokin 13.02.2023, um byggingarheimild fyrir 299,1 m<sup>2</sup> reiðskemmu á jörðinni Syðri-Gróf 2 L166373 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Galdramýri L223808; Íbúðarhús, skemma og gestahús; Deiliskipulag – 2208076**  
Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags, sem tekur til lands Galdramýrar L223808, eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins þar sem m.a. er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhús, skemmu og gestahúsum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

Fyrir liggar tillaga nýs deiliskipulags, sem tekur til lands Galdramýrar L223808, eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins þar sem m.a. er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhús, skemmu og gestahúsum.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) **Hnaus L166347; Hnaus lóð L178934; Hnaus lóð L17893; Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715; Breytt landnotkun (F16, F16D og SL6; Aðalskipulagsbreyting – 2207019**  
Fyrir liggar tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland, ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715.

*Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna landeignanna verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.*

Fyrir liggar tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland, ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna landeignanna í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn bendir skipulagsfulltrúa á að lagfæra þarf landnúmer Hnaus lóð L17893 í greinargerð og í frekari vinnslu málsins á næstu stigum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) **Pingdalur L166405; Bæjartorfa; Deiliskipulag – 2210038**

Lögð er fram tillaga er varðar deiliskipulag innan jarðarinnar Þingdals L166405 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurbótum eða endurbyggingu á núverandi íbúðarhúsi og úтиhúsum og eru þannig skilgreindir byggingarreitir utan um þau hús. Auk þess gerir skipulagið ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu. Umsagnir bárust við auglýsingu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna, er þar sérstaklega vísað til umsagnar Minjastofnum. Innan uppfærðrar tillögu eru sett fram skilyrði vegna þéttleika minjastaða á svæðinu þar sem segir að komi til hvers kyns framkvæmda á skipulagssvæðinu, skuli hafa samráð við Minjastofnum um fornleifarannsókn á viðkomandi svæði, t.d. með gerð könnunarskurða. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnum í samræmi við 42. gr. skipulagslagar nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga er varðar deiliskipulag innan jarðarinnar Þingdals L166405 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurbótum eða endurbyggingu á núverandi íbúðarhúsi og úтиhúsum og eru þannig skilgreindir byggingarreitir utan um þau hús. Auk þess gerir skipulagið ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu. Umsagnir bárust við auglýsingu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnumar í samræmi við 42. gr. skipulagslagar nr. 123/2010.

Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna, er þar sérstaklega vísað til umsagnar Minjastofnum. Innan uppfærðrar tillögu eru sett fram skilyrði vegna þéttleika minjastaða á svæðinu þar sem segir að komi til hvers kyns framkvæmda á skipulagssvæðinu, skuli hafa samráð við Minjastofnum um fornleifarannsókn á viðkomandi svæði, t.d. með gerð könnunarskurða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Engjavatn L218342; Byggingarreitur og byggingarmagn; Deiliskipulag – 2302002**

Lögð er fram umsókn frá Engjavatni ehf er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til landspildunnar Engjavatns L218342. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit undir íbúðarhús ásamt bílgeymslu og hesthúsi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur fram umsókn frá Engjavatni ehf er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til landspildunnar Engjavatns L218342. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit undir íbúðarhús ásamt bílgeymslu og hesthúsi.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Laugardælur L166253; Nýr hringvegur um Ölfusá; Framkvæmdarleyfi – 2302007**

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis. Um er að ræða leyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar í takt við framlagða umsókn.

Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna, fækkun tenginga og færslu þjóðvegaumferðar út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Þá er verið að styrkja vegakerfið með nýrri brú á Ölfusá sem mun beina þungaumferð af núverandi brú á Ölfusá sem hefur takmarkaða burðargetu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að unnin verði greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar í samræmi við 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr 111/2021. Nefndin mælist jafnframt til þess að unnin verði óveruleg breyting á aðalskipulagi Flóahrepps á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytingar er varðar staðsetningu undirgangna við núverandi Laugardælavég auk þess sem gert verði grein fyrir nýrri tengingu við Laugardælavég í samræmi við framlögð hönnunargögn. Afgreiðslu málsins frestað.*

Fyrir liggur umsókn frá Vegagerðinni er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis. Um er að ræða leyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar í takt við framlagða umsókn. Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna, fækkun tenginga og færslu þjóðvegaumferðar út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Þá er verið að styrkja vegakerfið með nýrri brú á Ölfusá sem mun beina þungaumferð af núverandi brú á Ölfusá sem hefur takmarkaða burðargetu.

Sveitarstjórn kallar eftir að unnin verði greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar í samræmi við 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021. Jafnframt verði unnin óveruleg breyting á aðalskipulagi Flóahrepps á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytingar er varðar staðsetningu undirgangna við núverandi Laugardælavég og undirgöng fyrir ríðandi umferð austan framkvæmdarsvæðis auk þess sem gert verði grein fyrir nýrri tengingu við Laugardælavég í samræmi við framlögð hönnunargögn. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu umsóknar um útgáfu framkvæmdaleyfis þar til umbeðin greinargerð frá Vegagerðinni liggur fyrir ásamt óverulegri breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Skipulagsfulltrúa falið að vinna að málín.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**h) Laugardælur L166253; Stofnlögn hitaveitu; Framkvæmdarleyfi – 2302021**

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum bs. vegna framkvæmdaleyfis. Í framkvæmdinni felst lagning nýrrar DN250 stofnlagar hitaveitu meðfram slóða að Ósabotnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að framkvæmdin verði grenndarkynnt á grundvelli 44. gr skipulagslaga. Ekki er talin ástæða til að leita umsagna vegna framkvæmdarinnar. Málið verði grenndarkynnt landeigendum L166253 og L206145.*

Fyrir liggur umsókn frá Selfossveitum bs. vegna framkvæmdaleyfis. Í framkvæmdinni felst lagning nýrrar DN250 stofnlagar hitaveitu meðfram slóða að Ósabotnum.

Sveitarstjórn fer fram á að Selfossveitur bs. nái skriflegu samkomulagi við landeigendur um legu lagnar áður en umsókn um framkvæmdaleyfi er samþykkt og áður en framkvæmdin verður grenndarkynnt landeigendum L166253 og L206145.

Sveitarstjórn frestar útgáfu framkvæmdaleyfis þar til skriflegt samkomulag um legu lagnarinnar við landeigendur liggur fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) **Fossmýri L224005; Smábýlabyggð; Deiliskipulag – 2302024**

Lögð er fram umsókn frá Möl og sandi ehf. er varðar deiliskipulag á landinu Fossmýri L224005. Markmiðið með skipulaginu er að afmarka 5 landspildur (smábýli) og skapa aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisfirbragði sem fellur vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins með áherslu á friðsæld, rými og náttúru. Heildarfjöldi bygginga á byggingarreit á mest vera 3 stakstæð hús, þ.a. íbúðarhús og gestahús, samanlagt að hámarki 600m<sup>2</sup> og geymsla/útihús allt að 1500m<sup>2</sup>.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati nefndarinnar er þörf á að kynna tillöguna sérstaklega fyrir landeigendum sameiginlegs aðkomuvegar að landinu þar sem uppskipting landsins og skilgreining byggingarheimilda innan þess mun hafa nokkur áhrif á umferð innan svæðisins.*

Fyrir liggur umsókn frá Möl og sandi ehf. er varðar deiliskipulag á landinu Fossmýri L224005. Markmiðið með skipulaginu er að afmarka 5 landspildur (smábýli) og skapa aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisfirbragði sem fellur vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins með áherslu á friðsæld, rými og náttúru. Heildarfjöldi bygginga á byggingarreit á mest vera 3 stakstæð hús, þ.a. íbúðarhús og gestahús, samanlagt að hámarki 600m<sup>2</sup> og geymsla/útihús allt að 1500m<sup>2</sup>.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati sveitarstjórnar er þörf á að kynna tillöguna sérstaklega fyrir landeigendum sameiginlegs aðkomuvegar að landinu þar sem uppskipting landsins og skilgreining byggingarheimilda innan þess mun hafa nokkur áhrif á umferð innan svæðisins. Sveitarstjórn bendir á að huga þarf sérstaklega að mögulegri flóðahættu á svæðinu og að leita umsagnar viðeigandi aðila varðandi þann þátt.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) **Vestur-Meðalholt L165513; Ný íbúðarbyggð í dreifbýli; Aðalskipulagsbreyting – 2302029**

Lögð er fram skipulagslýsingu er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps og gerð nýs deiliskipulags vegna Vestur-Meðalholts. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúnum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallery eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Sveitarstjórn gerði ekki athugasemd við gerð skipulagslýsingar vegna verkefnisins á fundi sínum þann 4.10.2022.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur skipulagslýsing er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps og gerð nýs deiliskipulags vegna Vestur-Meðalholts. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúnum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar,

skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallery eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Sveitarstjórн gerði ekki athugasemd við gerð skipulagslýsingar vegna verkefnisins á fundi sínum þann 4.10.2022.

Sveitarstjórн frestar birtingu skipulagslýsingar til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fer fram á að skipulagslýsing verði lagfærð og að flóðahætta vegna vatnsflóða tengdum Hvítá og Vola/Hróarsholtslækjar verði skoðuð fyrir skipulagssvæðið. Komi fram að flóðahætta sé til staðar skal tilgreina lágmarks gólfkóta húsa í deiliskipulagi svæðisins í samræmi við flóðamat. Einnig bendir sveitarstjórн á, í ljósi athugasemda frá Minjastofnun í öðrum deiliskiplagsmálum, að skipulagsaðili skoði hvort fornleifaskráningarskýrsla uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til fornleifaskráningar í dag vegna deiliskipulags og hvort skrá þurfí minjar aftur samkvæmt stöðlum Minjastofnunnar, ásamt áður óskráðum minjum, ef einhverjar eru.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Afgreiðslufundir byggingafulltrúa nr. 180, dags. 01.03.2023**

Lagðar fram til kynningar.

**5. Tilboð vegna sumarhátiðarinnar „Fjör í Flóa“**

Fyrir liggur ósk frá íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd vegna sumarhátiðarinnar „Fjör í Flóa“ sem haldin verður helgina 1.-3. júní 2023. Nefndin óskar eftir því að fenginn verði aðili til halda utan um viðburði á fimmtudags- og laugardagskvöldi, sjá um tækjabúnað yfir hátiðina, uppstillingu, viðburði og skemmtikrafa á laugardegi og frágang búnaðar. Ástæða þess að nefndin óskar eftir því að fá utanaðkomandi aðila í verkið er að undanfarin ár hefur orðið æ erfiðara að fá skemmtikrafa og að tryggja að tæknimál séu fullnægjandi á viðburðum. Töluberð vinna er við hátiðina og lendir hún á höndum nefndarmanna að mestu.

Sveitarstjórн samþykkir að farin sé sú leið að fá utanaðkomandi aðila til að halda utanum ofangreind atriði varðandi hátiðina. Nefndin sér um auglýsingar og ýmiskonar annað skipulag vegna hátiðarinnar. Sveitarstjóra falið að ganga frá hagstæðasta tilboðinu sem fæst í verkið í samráði við formann íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Skipan í nefndir og ráð: Aðalmaður í Fræðslunefnd Flóahrepps**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Anný Ingimarsdóttur þar sem hún óskar eftir lausn frá setu í fræðslunefnd Flóahrepps sökum starfa sinna sem deildarstjóri Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. T listinn tilnefnir Hjalta Guðmundsson.

Sveitarstjórн samþykkir að Hjalti Guðmundsson taki sæti í fræðslunefnd Flóahrepps út kjörtímabilið 2022-2026. Sveitarstjórн færir Anný bestu þakkir fyrir störf sín í fræðslunefnd Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá Hannesi Lárußsyni og Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur – Íslenski bærinn**

Fyrir liggur erindi frá Hannesi Lárußsyni og Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur varðandi Íslenska bæinn í Austur Meðalholtum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og framtíðarsýn Íslenska bæjarins. Í erindinu er því velt upp hvort aðkoma ríkis og sveitarfélaga að rekstri Íslenska bæjarins sé möguleg til að tryggja hæfilegt rekstrarfé til frekari uppbryggingar.

Sveitarstjórн þakkar innseint erindi og metnaðarfulla framtíðarsýn en bendir á að stuðningur við menningarmál innan sveitarfélagsins séu í formi menningarstyrkja sem veittir eru árlega af sveitarfélagini að fenginni umsögn menningarnefndar sveitarfélagsins og fulltrúa frá SASS. Umsóknarfrestur vegna menningarstyrks er til 15. apríl ár hvert. Sveitarstjórн vísar erindi til kynningar og umfjöllunar í íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs. – fyrri umræða**

Fyrir liggja samþykktir fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs. til fyrri umræðu.

Sveitarstjórн gerir ekki athugasemdir við framlagðar samþykktir og vísar þeim til seinni umræðu í sveitarstjórн.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. **Félagssamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. – seinni umræða**  
Fyrir liggur félagssamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. til seinni umræðu í sveitarstjórn.  
Sveitarstjórn samþykkir framlagðan félagssamning fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. í síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. **Bókun stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga**

Fyrir liggur bókun stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga frá 56. fundi stjórnar sem haldinn var föstudaginn 17. febrúar 2023. Bókunin er svohljóðandi:

„Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum og að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040. Því er mikilvægt að ríkið meti stöðu á framleiðslu á raforku á Íslandi, áætli þörf til frekari framleiðslu og ákveði með hvaða móti og hvar skuli aðeins þeirrar orku út frá ýmsum þáttum svo sem umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum með Rammaáætlun eða öðru sambærilegu ferli. Endurskoða þarf hverjar heimildir sveitarfélaga eigi að vera til gjaldtöku og eða álagningar gjalda og meta hvort leitast eigi við aðrar heimildir svo sem til skattaafsláttta eða samfélagsjóða eða annað sem hefur efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélög, ágóða landeigenda, bætur til fasteignaeigenda í grennd vegna virðisminnkumar, tryggingar vegna umhverfisskaða á framkvæmdir- og rekstrartíma og vegna niðurrifs að rekstrartíma liðnum og fleira. Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngjörnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sami í dreifbýli og péttbýli. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við i skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög“.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir ofangreinda ályktun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og vill undirstrika sérstaklega málsgreinina þar sem segir að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. **Erindi frá Magneu Gunnarsdóttur-Evans og Greg Evans: Deiliskipulag, stækun á lóð, lóðaleigusamning og kaup á lóð Gaulverjabæjarskóla.**

Fyrir liggur erindi frá Magneu Gunnarsdóttur-Evans og Greg Evans. Í erindinu er óskað eftir því að Flóahreppur taki þátt með eigendum Gaulverjabæjarskóla í að vinna deiliskipulag fyrri lóðina. Einnig er óskað eftir því að svæði sem lóðaleigusamningur nái yfir verði stækkað um 1 hektara. Að lokum er óskað eftir því að Flóahreppur taki afstöðu til þess hvort áhugi sé fyrir því að selja þeim lóðina og er óskað eftir söluverði í lóðina eins og hún er í dag annarsvegar og hinsvegar með stækun á einum hektara.

Sveitarstjórn þakkar innsett erindi og sýndan áhuga á frekari uppbryggingu atvinnustarfsemi á svæðinu. Sveitarstjórn beinir því til eigenda Gaulverjabæjarskóla að sjá alfarið um vinnu við deiliskipulag vegna lóðarinna. Varðandi stækun lóðar um 1 hektara þá tekur sveitarstjórn jákvætt í það og að ársleiga lóðar verði ákveðið prósentuhlutfall af uppfærðu fasteignamati vegna stærri lóðar. Sveitarstjóra falið að vinna málid áfram með eigendum Gaulverjabæjarskóla í samráði við skipulagsfulltrúa. Sveitarstjóra einnig falið að fá metið virði lóðarinna eins og hún er í dag og með stækun á einum hektara sem hægt væri að byggja söluverð á og þá hugsanlega sölu á lóðinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. **Gjaldskrá Flóaljóss**

Fyrir liggja drög að gjaldskrá Flóaljóss fyrir árið 2023. Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að gjaldskrá Flóaljóss.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Fundargerðir:**

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 276, dags. 24.02.2023
- b) Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 3, dags. 14.02.2023
- c) Stjórnar Bergrisans nr. 51, dags. 31.01.2023
- d) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 9, dags. 09.01.2023 og nr. 10, dags. 06.02.2023
- e) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 55, dags. 27.01.2023, nr. 56, dags. 17.02.2023 og nr. 57, dags. 22.02.2023
- f) Aukaaðalfundar Bergrisans dags. 20.02.2023
- g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 919, dags. 28.02.2023
- h) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 01.03.2023

**14. Efni til kynningar**

- a) Umsögn Vegagerðarinnar vegna umsóknar um nýjan héraðsveg að bænum Mýrum í Flóahrepp
- b) Frá Mennta- og barnamálaráðuneyti: Áframhaldandi vinna um úthlutun og ráðstöfun fjármagns til grunnskóla.  
Sveitarstjórn vísar bréfi til kynningar í fræðslunefnd.
- c) Frá Skipulagsstofnun: Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna nýrrar íbúðabyggðar í landi Arnarstaðakots, Skálholts og Glóru
- d) Bréf frá Dýraverndarsambandi Íslands: Hvattning til sveitarfélaga  
Sveitarstjórn vísar bréfi til kynningar og umfjöllunar í landbúnaðar- og atvinnumálanefnd.
- e) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað – Ágangur búfjár  
Sveitarstjórn vísar bréfi til kynningar og umfjöllunar í landbúnaðar- og atvinnumálanefnd.
- f) Bréf frá Láanasjóði sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Láanasjóðs sveitarfélaga
- g) Frá nefndarsviði Alþingis: Til umsagnar 25. mál um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf.  
Sveitarstjórn vísar máli til kynningar hjá stýrihóp heilsueflandi samfélags.
- h) Frá Motus: Boð um kynningu fyrir sveitarstjórn um innheimtuþjónustu  
Sveitarstjórn afþakkar boð um kynningu.
- i) Frá Landsvirkjun: Boð um fund og kynningu. Sveitarstjóra falið að finna tíma fyrir kynningu fyrir sveitarstjórn.
- j) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 4. apríl 2023 kl. 9:00 í Þingborg.

Árni Eiríksson (sign)  
Walter Fannar Kristjánsson (sign)  
Elin Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)  
Harpa Magnúsdóttir (sign)

2. fundur íþrótt-, æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps  
Fundarstaður Þingborg 30. nóvember 2022 kl. 18:30

Mættir: Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Agnes Björg Birgisdóttir, Harpa Magnúsdóttir  
Að auki: Örvar Rafn Hlíðal, Victor Victorsson, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir, Hanna Dóra Höskuldsdóttir

1. Fá 3 starfsmenn inn þegar þörf er á fyrir félagsmiðstöð, var samþykkt, Örvar, Kristín og Ingibjörg.  
Meiri nýting fyrir yngri krakka í félagsmiðstöðinni.  
Ætlum að skoða áhugaverð námskeið eða fyrilestra.
2. Umræða um hvatastyrki fyrir íþróttir. Tekin var fyrir fyrirspurn sem var send til sveitastjóra um styrk fyrir árskort í bláfjöll. Niðurstaða umræðu var að annaðhvort þyrfti að breyta reglum um þjálfara/félag eða hreinlega hafna.
3. Mikill áhugi að virkja ungmennaráðið. Aftur tekin upp umræða um starfsmann. Rætt var um aukið fjármagn og festa u.p.b. fjögur ungmennahús.
4. Rætt var um Tónahátíð fyrir næsta ár, hvort við vildum breyta einhverju eða halda henni eins.
5. Ýmsar hugmyndir komu fram varðandi Fjör í Flóa, hvar göngutúrinн ætti að vera, hafa samband við GDRN varðandi kvöldvöku.

Fundi slitið 20:30

# Fundargerð 3. fundar

## Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg  
Fundardagur: Miðvikudagur 16. nóvember 2022  
Fundartími: 16:30 – 18:30

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Björk Guðbjörnsdóttir

### Dagskrá:

1. Atvinnustefna
2. Uppbygging í Heiðargerði
3. Landeldismál
4. Önnur Mál

#### 1. Atvinnustefna

Oddviti og Sveitarstjóri funduðu 15. nóvember s.l. með ráðgjafa SASS ásamt fulltrúum Árborgar og Hveragerðis. Fulltra Ölfus var einnig boðið á fundinn en mætti ekki. Áhugi fyrir hendi að skoða þessi mál sameiginlega meðal sveitarfélaganna. Nefndin mun ekki koma að málinu fyrr en vinnan er komin eithvað lengra af stað.

#### 2. Uppbygging í Heiðargerði

Stefán fór í vettvangsferð í Kjötmjölsverksmiðjuna ásamt oddvita og fulltúum Orkídeu sem er samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Til skoðunar eru möguleikar á því að nýta umframorkuna sem verður til við kjötmjölsframleiðsluna í einhverns konar græna iðngarða. Nefndin álítur að skoða þurfi með hvaða hætti sveitarfélagið gæti stutt við slíkt verkefni, t.d. með því að beita sér fyrir því að tryggja framboð á rafmagni og heitu og köldu vatni.

#### 3. Landeldismál

Fulltrúar búnaðarfélaganna á svæðinu tóku umræðu með nefndarmönnum um áform fyrirtækisins Landeldis um áburðarframleiðslu í Þorlákshöfn úr fiskeldisúrgangi og búfjáráburði. Rætt var að óska eftir kynningarfundí frá Landeldi fyrir íbúa Flóahrepps til að kynna möguleikana sem þessi starfsemi felur í sér. Reynir Jónsson formaður Búnaðarfélags Villingaholtshrepps og stjórnarmaður bændasamtakanna kanna möguleikann á því að fá fulltrúa Landeldis til þess að kynna verkefnið.

#### 4. Önnur mál

Nefndin leggur til að sveitarfélagið útbúi kynningarrefni og haldi jafnvel kynningarfund fyrir íbúa um almennar skyldur búfjár- og landeigenda sem og styrkjamöguleika í girðingamálum.

Umræða var tekin um væntanlega skýrslu um kornrækt en drög hennar voru kynnt fyrir Bændasamtökunum fyrir stuttu. Mikilvægt að nefndin og sveitarfélagið fylgist grannt með útgáfu skýrslunnar og skoði möguleika á því að uppbygging innviða vegna kornræktar geti hugsanlega átt sér stað í sveitarfélagini.

Formaður lagði fram upplýsingar um matvælaþing ef nefndarmenn hefðu áhuga á því að taka þátt í því.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

## Fundargerð 4. fundar Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 22. mars 2023  
**Fundartími:** 16:30 – 18:00

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Björk Guðbjörnsdóttir

### **Dagskrá:**

1. Lausaganga búfjár í tengslum við úrskurð umboðsmanns og umræðuna undanfarið
2. Hrægámur
3. Erindi frá Dýraverndunarsambandi Íslands

#### **1. Lausaganga búfjár**

Í ljósi umræðu um ágang búfjár sem var til umfjöllunar í álti umboðsmanns Alþingis frá 11. október 2022, leggur nefndin til við sveitarstjórn að gefa út leiðbeinandi upplýsingar til búfjár- og landeigenda í sveitarfélagini á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um málefnið.

Heilstu lög og samþykktir sem gilda um búfjárhald (listinn er ekki tæmandi):

- Lög um búfjárhald
  - <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013038.html>
- Girðingalög
  - <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2001135.html>
- Reglugerð um girðingar
  - <https://island.is/reglugerdir/nr/0748-2002>
  - <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/930-2012>
  - <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/innanrikisraduneyti/nr/20706>
- Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.
  - <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1986006.html>
- Fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna
  - <https://www.floahreppur.is/static/files/samtykkir/12.a-fjallaskilasamþykkt-nr.-844-2022.pdf>

#### **2. Hrægámur**

Nefndin leggur til að sveitarstjórn kanni möguleikann á því að reka hræsöfnunarþí sem myndi keyra reglulega um sveitarfélagið og safna dýrahræjum. Gjald vegna hirðingar mætti innheimta í samræmi við fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélagini miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar líkt og gert er t.d. í sveitarfélagini Dalabyggð, sjá <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=04923e0c-22ba-4b78-8191-03676a52e669> Nefndin telur að með þessu fyrirkomulagi mætti draga verulega úr ólöglegrí urðun dýrahræja sem og leysa vandamál sem verið hafa með hrægáminn.

#### **3. Erindi frá Dýraverndunarsambandi Íslands**

Erindi frá Dýraverndunarsambandi Íslands um aðstoð við villta fugla í vetrarhökum var lagt til kynningar fyrir nefndina.

#### **4. Önnur mál**

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

## Fundargerð nr. 12

### Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Fimmtudagur 16. mars 2023
Fundartími:	15:30-16:30
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður nefndar Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Árni Eiríksson, oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

#### 1. Ný vatnslögn frá Neistastöðum að stofnlögn við Skeiðaveg:

##### a. Hugmynd um grófa legu lagnar

Nefndin kom með hugmynd að grófri legu lagnarinnar. Lengdin er áætluð í kringum 5 km og sverleiki lagnar 180 mm. Ræða þarf við viðkomandi landeigendur vegna legu lagnar og gera samkomulag þar um áður en farið í hönnunarferli og útboð.

Sveitarstjóri og formaður nefndar fara í samtal við landeigendur. Því samtali verði lokið fyrir pásku.

##### b. Tilboð í hönnun og aðstoð við útboð

Ákveðið að leita tilboða um hönnun og útfærslu ásamt gerð útboðsgagna og fá á sama tíma kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar. BB rissar upp hönnunarforsendur og kallar eftir tilboðum frá nokkrum aðilum í samráði við sveitarstjóra.

BB verður til ráðgjafar eftir þörfum. Skoða þarf hver fer með eftirlit með framkvæmdinni og verður tekin ákvörðun um það þegar nær dregur framkvæmd. Stefnt er að því að verklok verði um miðjan október 2023.

#### 2. Ósk um aukið vatn frá Vatnsveitu Flóahrepps vegna starfsemi Orkugerðarinnar

BB og sveitarstjóri hafa verið í samtali við framkvæmdastjóra Orkugerðarinnar vegna erindis þar sem óskað eftir auknu vatni frá Vatnsveitu Flóahrepps vegna starfseminnar. BB fór yfir hvar málið stendur. 6 l/sek fyrir Orkugerðina þyrfti að taka úr vatnslögnum sem kemur frá Selfossi.

Nefndin telur ekki hægt að verða við beiðni um vatnsnotkun af neysluvatni upp á 6 l/sek á vegum Flóahrepps til að keyra vatnskældan eimsvala fyrir Orkugerðina.

#### 3. Lok framkvæmda við Urriðafoss

Frestur vegna lokaskýrslu til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var framlengdur til 1. júlí 2023. Fyrir þann tíma þurfa verklok að vera staðfest. Ganga þarf frá þessum málum gagnvart verktaka. BB talar við verktaka og reynir að komast að samkomulagi um verklok og fyrirkomulag.

Varðandi bílastæði við Urriðafoss þá þarf að setja annað lag yfir planið í sumar. Ekki var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins og því þarf sveitarstjórn að skoða það mál.

*BB yfиргaffund.*

#### 4. Vinnuhópur vegna uppbyggingar á skólalóð og húsnæði Flóaskóla

Einn fundur í vinnuhóp búinn. Beðið eftir svörum frá Eflu varðandi samning um verkefnið og verkstjórn á fundunum. Sveitarstjóri hefur samband við Eflu og ýtir eftir svörum varðandi

samning. Nefndin er sammála um að það þurfi að gera erindisbréf til að afmarka hlutverk vinnuhópsins, tilgang og markmið. Sveitarstjóra falið að stilla upp drögum að erindisbréfi fyrir vinnuhópinn.

**5. Reglulegir fundir nefndarinnar**

Vegna framkvæmda við Vatnsveitu er talin þörf á að funda þéttar fram á vorið. Tillaga gerð að föstum fundartínum þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 13:00 og er hún samþykkt af öllum nefndarmönnum.

**6. Önnur mál**

Samantekt á skipulögðum íbúðasvæðum í Flóahreppi. Lagt fram til kynningar.

Handbók um Vatnsveitu Flóahrepps er í vinnslu hjá BB og HK sem hluti af innra eftirliti Vatnsveitu.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30*



Selfossi 16.desember 2022

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

4. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn föstudaginn 16. desember 2022,  
kl. 14:00 í slökkvistöðinni í Hveragerði.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason,  
Árni Eiríksson, Jóhanna Yr Jóhannsdóttir og Pétur Pétursson sem ritaði fundargerð.

Estir að stjórn hafði farið vettvangsferð um slökkvistöðina í Hveragerði og kynnt sér aðstæður, bauð formaður fundarmenn velkomna og setti fund kl. 14:00.

1. **Vettvangsheimsókn eftirlitsaðila til hjólhýsasvæða í sýslunni**

Pétur greindi stjórn frá vettvangsheimsókn eftirlitsaðila þar sem svæði sem hafa hjólhýsi voru skoðuð. Í ferðina fóru fulltrúar eldvarnaeftrilits Brunavarna Árnessýslu, Lögreglunnar á Suðurlandi og byggingafulltrúa uppsveita. Pétur fór yfir greinagerð sem unnin var í kjölfar vettvangsheimsóknanna.

2. **Bréf til stjórnar BÁ frá íbúa Árborgar**

Stjórn tók til umræðu bréf er borist hafði til stjórnar frá íbúa í Árborg er lítur að eldvarnaeftriliti. Pétur kynnti yfir stjórn það lagauhmverfi er eldvarnaeftrilit starfar í og hverjar heimildir og skyldur eldvarnaeftrilits sveitarfélaga er. Einnig kynnti Pétur greinagerð sem unnin var af deildarstjóra eldvarnaeftrilits Brunavarna Árnessýslu vegna málssins. Stjórn telur ekki ástæðu til frekari aðgerða af hálfu Brunavarna Árnessýslu og felur slökkviliðsstjóra að svara bréfinu.

3. **Úttekt Húsnaðis- og Mannvirkjastofnunnar á slökkvistöðum BÁ**

Pétur fór yfir skýrslu Húsnaðis- og Mannvirkjastofnunnar sem gerð var í kjölfar úttektar HMS á Brunavörnum Árnessýslu. Úttektin var framkvæmd árið 2021.

Rætt var um ástand slökkvistöðva BÁ með hliðsjón af úttektaskýrslu HMS. Ljóst er að slökkvistöðvar liðsins á Flúðum, Laugarvatni, Reykholti og Þorlákshöfn uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til slökkvistöðva. Stjórn stefnir á að heimsækja allar starfsstöðvar Brunavarna Árnessýslu í upphafi nýs árs og kynna sér aðstæður.

4. **Ráðning varaslökkviliðsstjóra BÁ**

Stjórn í samráði við slökkviliðsstjóra ákvað að ráða Lárus Kristinn Guðmundsson sem varaslökkviliðsstjóra Brunavarna Árnessýslu en hann sótti um stöðuna að undangenginni auglýsingu.

5. **Tíðni funda stjórnar á árinu 2023**

Stjórnar setti niður fundartíma vegna stjórnarfunda á árinu 2023.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 16:00

Pétur Pétursson  
Lárus Kristinn Guðmundsson

Helgi Kjartansson  
Jóhanna Jóhannsdóttir



Selfossi (Teams) 14.febrúar 2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

5. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 14. febrúar 2023,  
kl. 10.00 á Teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason,  
Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Lárus Kristinn Guðmundsson og Pétur Pétursson sem ritaði  
fundargerð.

Boðað var sérstaklega til fundarins til þess að afgreiða erindi er barst til Brunavarna Árnessýslu frá  
Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Annarsvegar er um að ræða „samkomulag um sameiginlega ábyrgð“ þar sem slökkviliðsstjóri fyrir hönd  
Brunavarna Árnessýslu felur Sambandi Íslenskra sveitarfélaga umboð til að koma fram fyrir þess hönd við  
samningsviðræður um gerð karasamninga og hinsvegar „samkomulag um kjarasamningsumboð“ þar sem  
slökkviliðsstjóri fyrir hönd Brunavarna Árnessýslu felur Sambandi Íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð  
til kjarasamningsgerðar fyrir hönd slökkviliðsins við viðeigandi stéttarfélög.

### 1. Afgreiðsla stjórnar á erindi Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Stjórn Brunavarna Árnessýslu samþykkir að slökkviliðstjóri skrifí undir bæði samkomulögini fyrir hönd BÁ  
og veiti Sambandi Íslenskra sveitarfélaga umboð til kjarasamninga og aðgang að þeim gögnum sem þeir  
ósku eftir frá BÁ við undirbúnung og gerð kjarasamninga.

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið kl. 10:30

The image shows five handwritten signatures in black ink. From top to bottom: 1. A signature that appears to be 'Helgi Kjartansson'. 2. A signature that appears to be 'Árni Eiríksson'. 3. A signature that appears to be 'Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir'. 4. A signature that appears to be 'Lárus Kristinn Guðmundsson'. 5. A signature that appears to be 'Pétur Pétursson'. All signatures are in cursive script and are somewhat overlapping.



Selfossi, 14.mars 2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

6. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 14. mars 2023, kl. 14.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Lárus Kristinn Guðmundsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. Launamál

Pétur sagði frá því að ný launatafla LSOS kom til framkvæmdar um mánaðarmótin febrúar/mars með afturvirkni til áramóta. Hækjunin er tæp 9% á laun almennra slökkviliðsmanna. Með hækjuninni lengist gildistími kjarasamninga til loka september á þessu ári (2023).

EKKI var gert ráð fyrir þessari hækjun í fjárhagsáætlun BÁ vegna ársins 2023. Slökkvistjóra falið að framkvæma nánari útreikninga og kynna á næsta fundi.

### 2. Útkallstölfraði BÁ 2022

Pétur kynnti útkallstölfraði BÁ 2022. Tíðni útkalla á stöðvar var sambærileg milli áranna 2021 og 2022 en þau voru þá mun fleiri en árið 2020. Meðaltal klukkustunda í útköllum var lægra árið 2022 en undanfarin ár og má það m.a. rekja til dagvinnuliðsins sem nær að sinna flestum útköllum á dagvinnutíma án þess að boða þurfi auka mannskap.

Árið 2022 voru 24 útköll á stöðvar á fyrsta forgangi, F1, 120 í öðrum forgangi, F2, en langflest, eða 145 á þriðja forgangi, F3.

### 3. Kynning á Brunagátt og útkallsskýrslugrunni Húsnaðis- og Mannvirkjastofnunar

Pétur kynnti Brunagátt og útkallsskýrslugrunn Húsnaðis- og Mannvirkjastofnunar.

### 4. Slökkvistöðvarmál á Laugarvatni

Pétur og Helgi sögðu frá stöðu slökkvistöðvarinnar á Laugavatni. Sveitarfélagið hefur selt það hús sem slökkvistöðin er staðsett í dag.

### 5. Staða endurskoðunar vegna ársins 2022

Pétur sagði frá því að endurskoðun sé í fullum gangi og KPMG stefnir að því að ársreikningur verði tilbúinn í lok mánaðarins.

### 6. Önnur mál

Jóhanna Ýr spurði hvornig staðan sé á nýri slökkvibíðreið í Hveragerði. Sú bífreið er væntanleg í lok árs.

Fleira ekki gert.  
Fundur slitið kl. 15:06

Pétur Pétursson  
Lárus Kristinn Guðmundsson  
Unna Ógmundsdóttir

Boggi  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Helgi Kjartansson  
Árni Eiríksson  
Jóhanna Ógmundsdóttir



## 592. fundur stjórnar SASS

### Fjarfundur

3. febrúar 2023, kl. 12:30 – 14:10

Þáttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Árni Eirksson, Njáll Ragnarsson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson og Grétar Ingi Erlendsson. Þá taka þátt Grímur Hergeirsson lögreglustjóri á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum undir dagskrárið 2, Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum með fjarfundabúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gest fundarins Grím Hergeirsson lögreglustjóra á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum.

#### 1. Fundargerð

Fundargerð 591. fundar staðfest en hún verður undirritað síðar.

#### 2. Lögreglustjórinn á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum

Grímur Hergeirsson lögreglustjóri á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum kynnir starfsemi embættanna. Hann fór yfir helstu áskoranir embættanna s.s. tengdar mikilli fjölgun íbúa og ferðamanna en umferð hefur aukist mikið í landshlutnum. Hann svarar spurningum og vangaveltum stjórnarmanna.

#### 3. Samstarfssamningar um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf

Formaður og framkvæmdastjóri kynna að samningur hafi verið undirritaður við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf og byggðaþróun. Drög að samningi við samstarfsaðila SASS í landshlutnum sem sinna ráðgjöf fyrir samtökin yfirfarin. Nýir samningar taka mið af fjölgun vinnusóknarsvæða og breyttum áherslum með byggðaþróunarfulltrúum. Framkvæmdastjóri kynnir einnig hugmyndir um skiptingu fjár á milli svæða. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málid áfram.

#### 4. Sóknaráætlun Suðurlands 2023

Skipan fagráðs menningar

Stjórn ræðir skipan fagráðs menningar sem meta umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Stjórn samþykkir að skipan aðalmanna í fagráð menningarstyrkja verði óbreytt 2023 frá fyrra ári en í ráðinu sitja:

- Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður myndasafns Þjóðminjasafns Íslands
- Marteinn Steinar Þórsson, kvíkmyndagerðarmaður

- Inga Jónsdóttir, listfræðingur

Jónas Sigurðsson, tónlistarmaður kemur nýr inn sem varamaður.

Formaður kynnir að opið sé fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Umsóknarfrestur er til 1. mars nk. kl. 16:00.

Gert er ráð fyrir úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Suðurlands 5. apríl nk.

Farið yfir hugmyndir um hvernig hægt er að tengja samráðsvettvang Sóknaráætlunar Suðurlands við starfið framundan.

## 5. Önnur mál til kynningar og umræðu

- Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasantaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 549. fundar stjórnar SSH, fundargerð 89. fundar stjórnar SSNV, fundargerðir 45.-47. funda stjórnar SSNE, fundargerð 785. fundar stjórnar SSS, fundargerðir 131.-133. funda stjórnar Austurbrúar, fundargerð 49. fundar Vestfjarðastofu, fundargerð 918. fundar stjórnar sambandsins og fundargerð 9. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

- Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað framundan er en meðal atriða má nefna: Gengið hefur verið frá þremur samningum við ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála um viðaukasamninga tengda Sóknaráætlun Suðurlands og Orkideu. Kynningarfundur um tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurhálendið verður haldinn á Hótel Selfossi 8. febrúar nk., og verður einnig í streymt frá fundinum. Frestur til að skila umsögnum um tillöguna er til 12. febrúar nk. Fundir hafa verið haldnir með samstarfsaðilum þar sem drög að samningum um byggðarþróunarfulltrúa hafa verið kynnt. SASS tekur þátt í samevrópsku verkefni INNOCAP ‘Capacity Building Programme’ sem tengist m.a. innleiðingu á notkun úrgangsgagnatorgsins. Styrkurinn sem samtökin fá fyrir þátttöku í verkefninu er tæplega 20 m.kr. á þriggja ára tímabili.

- Samgönguáætlun SASS 2019 - 2029

Formaður kynnir vinnu sem fram fór við gerð samgönguáætlunar 2019 – 2029 sem lögð var fram á ársþingi samtakanna 2019. Ljóst er að nokkuð hefur áunnist frá því að áætlunin kom fram og því mikilvægt að uppfæra hana. Umræður um hvernig haga skyldi vinnu við uppfærslu áætluninnar fram að komandi ársþingi samtakanna. Niðurstaðan er að Njáll, formaður samgöngunefndar, í samstarfi við Ingva Má hjá SASS kalli eftir áhersluatriðum aðildarsveitarfélaganna og heyri sjónarmið þeirra og annarra hagaðila s.s. lögreglunnar og Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að uppfærð áætlun verði lögð fyrir komandi ársþing samtakanna.

d. Erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands

Formaður kynnir erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands þar sem óskað er eftir styrk frá SASS vegna móttöku fyrir gesti Landssambandsfundar Soroptimistasambands Íslands sem haldinn á Suðurlandi.

Stjórn þakkar fyrir erindið en því miður geti samtökin ekki orðið við beiðni klúbbsins um fjárstuðning. Stjórn samtakanna óskar Soroptimistaklúbb Suðurlands velfarnaðar í störfum sínum og þakkar fyrir það góða starf sem klúbburinn vinnur að fyrir sunnlenskt samfélag.

e. Bilun í rafstrep til Vestmannaeyja

Í vikunni kom upp bilun í rafstrep VM3 á milli lands og Vestmannaeyja. Í kjölfarið er rafmagn til Vestmannaeyja nú flutt um Vestmannaeyjastrep 1, sem er 60 ára gamall strengur, en að auki framleiða varaflsvélar Landsnets og HS veitna rafmagn í Vestmannaeyjum.

Stjórn SASS lítur málið alvarlegum augum og skorar á stjórvöld að ráðast hið fyrsta í niðurlagningu á nýjum rafstrep til Vestmannaeyja til þess að tryggja afhendingaröryggi rafmagns í sveitarfélagini.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 3. mars nk. kl. 12:30 sem fjarfundur.

Fundi slitið kl. 14:10

Ásgerður Kristín Gylfadóttir  
Grétar Ingi Erlendsson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Brynhildur Jónsdóttir  
Arnar Freyr Ólafsson  
Árni Eiríksson  
Njáll Ragnarsson  
Einar Freyr Elíharson

# 593. fundur stjórnar SASS

## Fjarfundur

3. mars 2023, kl. 12:20 – 13:50

Þáttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Njáll Ragnarsson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson og Grétar Ingi Erlendsson. Brynhildur Jónsdóttir boðaði forföll og í hennar stað kom Bragi Bjarnason. Undir dagskrárið 2 taka þátt frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) Díana Óskarsdóttir forstjóri, Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Axel Björgvin Höskuldsson framkvæmdastjóri fjármála. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum með fjarfundabúnaði.

Formaður býður fundarmenn og gesti fundarins frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands velkomna.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 592. fundar staðfest en hún verður undirrituð síðar.

### 2. Kynning á starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Díana Óskarsdóttir forstjóri HSU kynnir starfsemi og skipulag stofnunarinnar. Hún fór yfir helstu áskoranir stofnunarinnar í landshlutanum s.s. tengdar mönnun, mikilli fjölgun íbúa og ferðamanna en fjöldi sem sækir þjónustu til HSU hefur aukist mikið á síðustu árum, áhrifa vetrarþjónustu á vegum á bráðaþjónustu og mikil aukning ferða með sjúkraflugi á milli ára frá m.a. Vestmannaeyjum. Hún og aðrir fulltrúar HSU svara spurningum og hugleiðingum stjórnarmanna.

### 3. Samstarfssamningar um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf

Drög að samningi við samstarfsaðila SASS í landshlutanum sem sinna ráðgjöf fyrir samtökin hafa áfram verið til umræðu. Nýir samningar taka mið af fjölgun vinnusóknarsvæða um eitt og breyttum áherslum tengdum byggðaþróunarfulltrúa. Samstarfsaðilum hefur einnig verið kynntar hugmyndir um skiptingu fjár á milli svæða. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

### 4. Önnur mál til kynningar og umræðu

#### a. Fundargerðir m.a. stjórnar annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 551. og 552. funda stjórnar SSH, fundargerð 51. fundar Vestfjarðastofu, fundargerð 90. fundar SSNV og fundargerð 86. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað framundan er en meðal atriða má nefna að: unnið er gerð samstarfssamninga um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf; upplýsingafundur fór fram milli formanns og framkvæmdastjóra og þingmanna Suðurkjördæmis; námskeið tengt Sveitarfélagaskóla Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið í vestari hluta Suðurlands 14. mars nk. á Hótel Selfossi en gert er ráð fyrir öðru námskeiði í austari hluta Suðurlands 25. apríl nk.; umsóknarfrestur í fyrrí úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands rann út 1. mars sl. en alls bárust 120 umsóknir og þar af voru umsóknir í menningarverkefni 73 og atvinnu- og nýsköpunarverkefni 47; samtökum fengu styrk tengt C.1. Sírtæku verkefni Sóknaráætlunarsvæðað að fjárhæð 10 m.kr.; frá áramótum hafa mánaðalegir samráðsfundir verða haldnir með sambandinu og landshlutasamtökum en á fyrsta fundinum var m.a. fjallað um sameiginlegar áskoranir s.s. um rammasamning um húsnæðismál, samgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og landshlutanna tengt Borgarlínu, viðhald og uppbygging innviða á Suðurnesjum og mögulegt samstarf um gerð umsagna; verið er að yfirfara umsóknir í starf verkefnisstjóra hjá Orkideu; kynningarfundur um tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurhálendið var haldinn á Hótel Selfossi 8. febrúar sl. en upptaka af fundinum er aðgengileg á heimasíðu SASS en alls tóku um 90 þátt á fundinum.

c. Íslenski bærinn

Formaður kynnir erindi frá fyrirsvarsmönnum íslenska bæjarins sem sent hefur verið á lykilaðila á sviði rekstrar og uppbyggingar safna og menningarstarfsemi á Suðurlandi. Hugmyndin er að kalla saman hagaðila til að marka framtíðarsýn íslenska bæjarins og kanna rekstrargrundvöll hans. Stjórn vísar erindu til framkvæmdastjóra til nánari skoðunar.

d. Jarðgöng undir Hellisheiði

Formaður kynnir tillögu frá bæjarfulltrúum S-lista í Sveitarfélagini Árborg sem lögð var fram í bæjarráði Árborgar. Niðurstaða umfjöllunar hjá bæjarráði var að þar sem um er að ræða hagsmunamál fyrir öll sveitarfélög á Suðurlandi er erindu vísaði til umfjöllunar hjá SASS.

Stjórn SASS þakkar fyrir erindið og samþykkir að vísa því til Vegagerðarinnar og til umfjöllunar hjá samgöngunefnd SASS. Í ljósi tíðra lokanna á Hellisheiði hvetur stjórn SASS Vegagerðina til að kanna kosti jarðgangna um Hellisheiði og einnig verði kannaðir kostir þess að gera göng til Vestmannaeyja.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 24. mars nk. kl. 12:30 sem er staðfundur að Austurvegi 56 á Selfossi.

Fundi slitið kl. 13:50

Ásgerður Kristín Gylfadóttir



SASS  
SAMTOK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

Grétar Ingi Erlendsson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Bragi Bjarnason  
Arnar Freyr Ólafsson  
Árni Eiríksson  
Njáll Ragnarsson  
Einar Freyr Elínarson



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

# Fundargerð

225. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands  
haldinn föstudaginn 3. mars 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### 1. Starfsleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

#### a) Starfsleyfi

*Málum lokið:*

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2302020HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Anna's House, gistipjónusta - Rist ehf.	803	07.02.2023
2302011HS	Starfsleyfi endurnýjun	Árborg v/Iþróttahús Stokkseyri	825	06.02.2023
2302012HS	Starfsleyfi, nýtt	Aldingróður ehf. - ræktun á sprettum	900	06.02.2023
2302006HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsveita Vaðnesi - Orkubú Vaðnes ehf	805	02.02.2023
2301147HS	Starfsleyfi endurnýjun	Árborg v/Staður Eyrabakka	820	31.01.2023
2301137HS	Starfsleyfi, eigendaskipti	Landamerki ehf.	900	30.01.2023
2301120HS	Starfsleyfi endurnýjun tímbundið sbr stöðuleyfi	Fjallafang ehf.	851	23.01.2023
2301111HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Klettar - Ásgeir Eiríksson ehf	804	18.01.2023
2301065HS	Starfsleyfi endurnýjun	Félagsheimilið Brúarlundur	851	12.01.2023
2301067HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Gistipjónusta - Tectonic Travel ehf.	851	12.01.2023
2301028HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Mathöll T & P ehf.	800	05.01.2023
2301012HS	Starfsleyfi, eigendaskipti	Aldingróður - Einar Sigurður Einarsson	900	04.01.2023
2301002HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Dvalarheimili, Hjallatún	870	02.01.2023
2301003HS	Starfsleyfi, nýtt	Netagerð - Ísfell ehf.	900	02.01.2023

*Í vinnslu:*

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2303010HS	Starfsleyfi nýtt - Efnistaka Seyðishólum	Suðurtak ehf.	805	03.03.2023
2303011HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Árborg v/Stekkjaskóla	800	03.03.2023
2303003HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Jóhönnu hús - gistipjónusta - TLB ehf.	851	01.03.2023



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

2303005HS	Starfsleyfi - fjölgun húsa	Gistipjónusta - Áshamrar sf.	851	01.03.2023
2302075HS	Starfsleyfi eigendaskipti	BG Mos ehf.	851	27.02.2023
2302067HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Fell, gistiður - Platina fasteignir ehf. (áður Gralli ehf.)	845	22.02.2023
2302069HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Fjölbautaskóli Suðurlands v Reykir	816	22.02.2023
2302056HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Þvottahúsið Straumur - Köfun og öryggi ehf	900	20.02.2023
2302057HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Kapo kebab ehf.	800	20.02.2023
2302058HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Black beach guesthouse ehf.	871	20.02.2023
2302059HS	Starfsleyfi endurnýjun	Öndverðanes ehf v/ sundlaug Öndverðanesi	805	20.02.2023
2302060HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsból Eystra-Hraun ehf	880	20.02.2023
2302061HS	Starfsleyfi endurnýjun	Menntaskólinn að Laugarvatni	840	20.02.2023
2302062HS	Starfsleyfi endurnýjun	Vatnsveita Hrunamannahreppi	845	20.02.2023
2302055HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Vinnslustöðin hf - fiskvinnsla	900	20.02.2023
2302048HS	Starfsleyfi endurnýjun	Árborg v/Sundlaug Stokkseyrar	825	17.02.2023
2302043HS	Starfsleyfi endurnýjun	Sví nabú Bjarnastöðum - Stjörnugrís hf	801	15.02.2023
2302040HS	Starfsleyfi endurnýjun	Mýrdalshreppur v/Vatnsveitu	870	14.02.2023
2302041HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Tokyo veitingar ehf.	800	14.02.2023
2302028HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Rarik ohf. Aðveit. Prestb.+Klaust.	881	10.02.2023
2302027HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Gisting Butra - Ágúst Jensson	861	10.02.2023
2302021HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Kambagil ehf. v sviflínú	810	07.02.2023
2301135HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Sólheimar ses v/fráveitu	801	30.01.2023
2301144HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Innflutningur á víni - Naglasúpa ehf.	860	30.01.2023
2209063HS	Starfsleyfi framlengt	Bláskógaþyggð v/ Landmótun – lokunarferli Spóastöðum	806	24.02.2023

Umsókn um starfsleyfi Kambagils ehf. kt. 590121 2150, vegna afgreiðslu fyrir sviflínú frestað, þar sem húsnæði er ófullhnægjandi. Önnur ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa

### Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

### Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar

- Stjörnugrís hf., kt. 600667-0179, Vallá, 162 Reykjavík, vegna svínabús fyrir allt að 460 gyltur að Sléttabóli, 804 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
- Stjörnugrís hf., kt. 600667-0179, Vallá, 162 Reykjavík, vegna svínabús fyrir allt að 220 gyltur, 400 smágrísi og 800 sláturgrísi að Bjarnastöðum, 805 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
  - Frestur til að gera athugasemdir er til 23. mars 2023



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

- Vinnslustöðin hf., kt. 700269-3299, Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar, vegna fiskvinnslu að Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar. Sjá slóð [hér](#).
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 22. mars 2023**
- Köfun og öryggi ehf., kt. 551098-2149, Flötum 22, 900 Vestmannaeyjar, vegna Þvottahússins Straums, Flötum 22, 900 Vestmannaeyjar. Sjá slóð [hér](#).
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 22. mars 2023**
- Isavia Innanlandsflugvellir ehf., kt. 591219-1380, Nauthólsvegur 60, 102 Reykjavík, vegna Vestmannaeyjaflugvallar, 900 Vestmannaeyjar. Sjá slóð [hér](#).
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 14. mars 2023**
- Grímsnes- og Grafningshrepur, kt. 5906982109, Stjórnsýsluhús Borg, 805 Selfoss, vegna skólpdreinsistöðvar í Ásborgum, Grímsnesi, 805 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 10. mars 2023**
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Flúðum, Hrafnkelshólum, 846 Flúðir. Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Hellu, 850 Hella. Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Hveragerði, Völlum, 816 Ölfus. Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Hvolsvelli, Austurvegi 16, 860 Hvolsvöllur. Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Prestbakka, 881 Kirkjubæjarklaustri. Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Reykholti, Vegholti 1, 806 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Selfossi, Austurvegi 66, 800 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Þorlákshöfn, Hafnarsandi 2, 815 Þorlákshöfn, Sjá slóð [hér](#).
- Rarik ohf., kt. 5202692669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, vegna aðveitustöðvar Vík, Víkurbraut 23, 870 Vík í Mýrdal. Sjá slóð [hér](#).
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 10. mars 2023**

### b) Skráning starfsemi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2302073HS	Skráning á nýrrri starfsemi	Lífskíró - LIFE 18 ehf.	800	24.2.2023
2302029HS	Skráning - nýtt leyfi	Arcanum Fjallaleiðsögumenn ehf.	871	10.2.2023
2302022HS	Skráning - endurnýjun á leyfi	Tannlæknir Þorlákshöfn - Petra og Ingvar slf	815	8.2.2023

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknum

### c) Tóbakssöluleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2212059HS	Tóbakssöluleyfi ný starfsemi	Píknik - SH Import ehf.	800	28.12.2022

Starfsleyfisumsókn vantar vegna Píknik, SH Import ehf. til að hægt sé að afgreiða tóbaksöluleyfi.



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

### d) Afturköllun/höfnun starfsleyfa:

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2302001HS	Starfsleyfi hafnað vegna skipulags	Sandur 2, Villingavatni - Ómar Davíðsson	805	1.2.2023
2302078HS	Starfsleyfi höfnun vegna skipulags	Klausturhólm, gisting - Sara Kristjánsdóttir	805	27.2.2023

Til kynningar/staðfestingar

### e) Umsagnir til sýslumanna

#### Vegna veitinga- og gistileyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2302024HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi	Gisting Butra - Ágúst Jansson	861	09.02.2023
2301139HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi	Anna's House, gistiþjónusta - Rist ehf.	803	30.01.2023

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

#### Umsagnir til sýslumanna vegna tækifærисleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2302071HS	Tækifærисleyfi - sala á áfengi	Fjallafang veitingavagn - Fjallafang ehf.	851	23.02.2023
2302044HS	Tækifærисleyfi, umsögn um tónlistarhátið	Guðmundur Jóhann Árnason	900	15.02.2023
2302008HS	Tækifærисleyfi í þorrablóts Ungmennafélags Stokkseyrar.	Árborg v/Íþróttahús Stokkseyri	825	02.02.2023
2302007HS	Tækifærисleyfi þorrablót Áshreppinga	Rangárþing ytra v/ Íþróttamiðstöð Laugalandi	850	02.02.2023
2302002HS	Tækifærисleyfi, umsögn um Þorrablót	Rangárþing eystra v/ Félagsheimili Njálbsbúð	860	01.02.2023
2301145HS	Tækifærисleyfi v Hjónaballs	Hrunamannahreppur v/ Íþróttahús	845	31.01.2023
2301143HS	Tækifærисleyfi - Þorrablót Rangvellinga	Rangárþing ytra v/ Íþróttamiðstöð Hellu	850	30.01.2023
2301142HS	Tækifærисleyfi vegna Þorrablóts	Árborg v/Staður Eyrabakka	820	30.01.2023
2301140HS	Tækifærисleyfi - Þorrablót í Félagslundi 2023	Flóahreppur v/ Félagslundur, Félagsheimili	803	30.01.2023
2301138HS	Tækifærисleyfi - Þingborg Þorrablót 2023	Flóahreppur v Félagsheimilið Þingborg	803	30.01.2023

Afgreiðsla staðfest

### f) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

#### Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2302070HS	Reynir - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	23.02.2023
2302065HS	Miðbær Selfoss - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	21.02.2023
2302046HS	Austurvegur 69 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	16.02.2023
2302039HS	Litlatún, Kirkjulækjarkoti - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	13.02.2023



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

2302038HS	Efri-Úlfsstaðir - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	13.02.2023
2302033HS	Eldfell - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Vestmannaeyjabær - umhv.og framkv.svið	900	13.02.2023
2302019HS	Íbúða- og frístundasvæði - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	07.02.2023
2302018HS	Skógræktarsvæði, - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	07.02.2023
2302017HS	Borg og Háfshjáleiga - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	07.02.2023
2302016HS	Kirkjuhóll - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	07.02.2023
2302015HS	Svínhagi L7 A - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	07.02.2023
2302014HS	Árhús, Hellu - Umsögn um lýsingu deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	07.02.2023
2302003HS	Lindarbær - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	02.02.2023
2301150HS	Móbar, miðsvæði, Þorlákshöfn - Umsögn um skipulagslysingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	31.01.2023
2301149HS	Aðalskipulag Mýrdalshrepps - Umsögn um heildarendurskoðun	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	31.01.2023
2301132HS	Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar - Styttng Hörgaeyrargarðs	Vestmannaeyjabær - umhv.og framkv.svið	900	26.01.2023
2301131HS	Lækjarholt, Flóahreppi - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	26.01.2023
2301123HS	Klif í landi Spóastaða, Bláskógabyggð - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	23.01.2023
2301122HS	Bæjarás, veiðihús, Laxárdalur - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	23.01.2023
2301121HS	Skyggfir, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	23.01.2023
2301119HS	Haukadalar III, Bláskógabyggð - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	23.01.2023
2301117HS	Klif, Bláskógabyggð - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	20.01.2023
2301116HS	Skálmholt, Flóahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	20.01.2023
2301115HS	Úthlíð, Bláskógabyggð - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	20.01.2023
2301114HS	Hnaus og Hnaus 2, Flóahreppi - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	20.01.2023

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

*Mat á umhverfisáhrifum*

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2302064HS	Rannsóknarboranir í Meitlum, Ölfusi - Umsögn um matskyldu	Skipulagsstofnun	105	21.02.2023
2302037HS	Efnisvinnsla í sjó við Landeyjahöfn - Umsögn um matsáætlun	Skipulagsstofnun	105	13.02.2023
2302030HS	Qair Iceland ehf. Grímsstaðir 2 í Meðallandi, Skaft, vindorkugarður - Umsögn um matsáætlun	Skipulagsstofnun	105	10.02.2023



# Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

2302005HS	Carbfix, Niðurdæling CO2 til geymslu í jörðu - Umsögn um umhverfismatsskýrslu	Skipulagsstofnun	105	02.02.2023
2302004HS	Háblær ehf., endurnýjun vindmylla í Þykkvabæ - Umsögn um tilkynningu	Skipulagsstofnun	105	02.02.2023
2301134HS	Alviðra, Ölfusi, skógrækt - Umsögn um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	30.01.2023

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

## 2. Ársreikningur 2022

Ársreikningur lagður fram til kynningar, afgreiðslu frestað til næsta fundar.

## 3. Úr eftirliti

### a. Vöktun fráveitu Hveragerðisbæjar

Til kynningar eru nýjar niðurstöður örverumælinga. Jafnframt farið yfir yfirlit vöktunar sl. 6 mánaða þar sem kemur í ljós að staðan hefur ekki lagast og eru gildi enn yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Var á dagskrá á síðasta fundi og hafði þá borist framkvæmdaáætlun þann dag vegna úrbóta á fráveitumannvirkjum Hveragerðisbæjar. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frestaði afgreiðslu meðan farið var yfir innsend gögn. Þar áður var málið kynnt á 223. fundi nefndarinnar 2. desember 2022 þar sem veittur var frestur til 20. janúar að skila inn úrbótaáætlun.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fundað með Hveragerðisbæ um málið og verða úrbætur á fráveitumálum bæjarins settar í forgang.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands leggur áherslu á að sett verið fram vöktunaráætlun vegna örverumælinga þar sem reglulega verður fylgst með og mælingar gerðar. Jafnframt að úrbótaáætlun liggi fyrir 31. mars nk.

### b. V63 ehf vegna gistingar í Prastaskógi

Til kynningar. Framkvæmdir í óleyfi og hefur rekstraraðila verið gerðar dagsektir frá Byggingafulltrúa uppsveita Ánessýslu.

### c. Olís ehf. vegna Litlu-Kaffistofunnar

Málið var á dagskrá síðasta fundar og á 222. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 11. nóvember 2022, þar sem veittur var frestur til 12. desember 2022 til að skila inn úrbótaáætlun. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands barst áætlun um úrbætur frá rekstraraðila sem embættið getur ekki fallist á, þar sem í henni var ekki tekið mið af álíti Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem fyrirtækið hefur ítrekað verið upplýst um, þ.e. að eldsneytisafgreiðslan sé á svæði í flokki A skv. 6. gr. rgl. nr. 884/2017 og skuli uppfylla kröfur um mengunarvarnir í samræmi við 26. gr. sömu reglugerðar. Hefur Olís óskað eftir fresti til 23. mars til að skila inn framkvæmdaáætlun og hefur verið fallist á þann frest.

### d. Söluskálinn Landvegamótum

Bréf til kynningar í fundargögnum. Starfsleyfið vegna greiðasölu og verslunar með matvæli var framlengt tímabundið til þriggja mánaða í byrjun janúar sl. Áður en starfsleyfið rennur út mun embættið taka til skoðunar hvort starfsemin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til



# Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

fyrirtækja sem selja matvæli og í framhaldi þá verður tekin ákvörðun um hvort starfsleyfið verði framlengt astur.

## 4. Aðsend erindi

- Sveitarfélagið Árborg – Samþykkt um úrgang til umsagnar  
Til kynningar og staðfestingar.

### b. Rangárþing eystra v/sundlaug – einn á vakt

Tilkynning um að nýta ákvæði um einn á vakt milli kl. 6:00-7:00 á virkum dögum. Óskað eftir undanþágu frá tveggja manna kröfu um öryggisvakt á sundlaugasvæði sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 773/2012 um breytingu á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. En þar segir m.a.:

"Þrátt fyrir ákvæði 3. ml. 2. mgr. er á ákveðnum tínum í laugum allt að 25 m á lengd, heimilt að laugarvörður sinni störfum sem tiltekin eru í 3. ml. þessarar mgr. samhliða laugarvörslu, þó laugarvörðurinn sé einn á vakt við laugina. Þetta er þó einungis heimilt ef vakt og afgreiðsla eru í sama rými og yfirsýn úr rýminu er með þeim hætti að auðvelt er að fylgjast með gestum í laug um leið og afgreiðsla fer fram. Á meðan gestir eru í laug má laugarvörður ekki sinna öðrum störfum en þeim að selja aðgang ofan í laug eða tilfallandi störfum við laugarbakka þar sem yfirsýn yfir laugarsvæði er gott. Laugarvörður skal ávallt hafa á sér síma þannig að hægt sé að kalla til aðstoð með mjög stuttum fyrirvara. Heimildarákvæði þetta gildir einungis fyrir laugar þar sem gestafjöldi í laug er að meðaltali undir 10 gestum á ársgrundvelli á þeim tíma dags sem um ræðir og skulu gestir upplýstir um fyrirkomulag laugargæslu með því að tilgreina sérstaklega um fjölda laugarvarða á vakt hverju sinni við afgreiðslu. Ef fleiri en 20 gestir eru í laug í einu eða samsetning gesta kallar á aukna gæslu, skal kalla til auka laugarvörð. Rekstraraðili laugar þar sem þessi heimild er nýtt skal senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirkomulag laugar og tíma þann sem heimild þessi er nýtt. Við útgáfu eða endurskoðun á starfsleyfi skal skrá ef heimild er nýtt."

Er það mat Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að úr frá reglugerðinni megi laugarvörður einungis sinna laugargæslu og tilfallandi störfum við laugarbakkan og geti því ekki sinnt öðrum störfum samhliða eins og að fylgjast með líkamsræktarstöðinni.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands getur því ekki fallist á beiðni um að leyfa einn á vakt í Sundlauginni á Hvolsvelli.

### c. Umhverfisstofnun – ósk um upplýsingar

Um losunarstaði fyrir ferðasalerni – sjá slóð á vef UST: <https://ust.is/graent-samfelag/urgangsmal/losun-ferdasalerna/>

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur óskað eftir samræmdum verklagsreglum sem gildi fyrir allt landið um með hvaða hætti frágangur á losunarstöðum fyrir ferðasalerni skuli hártað.

### d. Matvælastofnun – beiðni um gögn fyrir ársskýrslu LEMA um eftirlit á Íslandi árið 2022 – til kynningar sjá slóð á landsáetlun um eftirlit

<https://www.mast.is/static/files/upplýsingar/LEMA/lema-utgafa-22.02.2022.pdf>



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

- e. VÍS ósk um upplýsingar um starfsleyfi fyrir niðurrif að Kirkjuvegi 18, Selfossi eftir bruna.  
Til kynningar.

### 5. Önnur mál

- a. ESA heimsókn vegna endurskoðunar á „Landsniði“ (Country profile)  
Til kynningar.
- b. Fræðslustefna og fræðsluáætlun  
Til kynningar og staðfestingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Páll Tómasson

---

Fjóla St. Kristinsdóttir

---

Kjartan Ólafsson

---

Örn Friðriksson

---

Oddur Árnason

---

Sigrún Guðmundsdóttir

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir  
Kennitala: 0410602639  
Tími: 03.03.2023 16:17  
Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Oddur Árnason  
Kennitala: 0605655899  
Tími: 03.03.2023 18:38  
Samþykkt

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir  
Kennitala: 2708755729  
Tími: 03.03.2023 17:30  
Samþykkt

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson  
Kennitala: 0211535599  
Tími: 03.03.2023 22:13  
Samþykkt

Undirritað með OneSign

ELECTRONIC SIGNATURE 14.3.2023 15:51:35 GMT	ELECTRONIC SIGNATURE 14.3.2023 17:25:10 GMT	ELECTRONIC SIGNATURE 15.3.2023 12:10:22 GMT	ELECTRONIC SIGNATURE 16.3.2023 15:09:04 C
Guðný Birna Guðmundsdóttir Reason: Signature	Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature	Einar Kristján Jónsson Reason: Signature	Árni Eiríksson Reason: Signature
ELECTRONIC SIGNATURE 16.3.2023 15:26:48 GMT			
Jónína Brynjólfssdóttir Reason: Signature			

## Fundargerð 58. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 7. mars kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Águst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO**

Bryndís Guðlaugsdóttir ráðgjafi hjá KPMG kynnti fyrstu drög að stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga. Í kjölfarið fóru fram umræður.

Bryndís mun uppfæra drögin m.t.t. þeirra atriða sem komu fram hjá fundarmönnum.

**2. Þjónustusamningur Samtaka orkusveitarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga - 2212001SO**

Lagður fram þjónustusamningur Samtaka orkusveitarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga. Engar athugasemdir voru gerðar.

Stjórn samþykkir þjónustusamninginn. Formanni falið að undirrita samninginn.

**3. Fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO**

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu, dagsettar 21.02.2023 og 28.02.2023.

**4. Önnur mál - 2011004SO**

Í kjölfar fréttatilkynningar frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2023 hefur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga óskað eftir því að fulltrúar í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga komi inn á næsta fund stjórnar sambandsins.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir, Jónína Brynjólfssdóttir og Haraldur Pór Jónsson fari fyrir hönd stjórnarinnar á fund stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Árni Eiríksson

---

Guðný Birna Guðmundsdóttir

---

Jónína Brynjólfsdóttir

---

Einar Kristján Jónsson

# Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Teams þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 7:45.

## Mættir eru:

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps  
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps  
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar  
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar  
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Bjarni H. Ásbjörnsson, varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

## 1. Ráðning deildarstjóra skólapjónustu.

Ása Valdís fór yfir ráðningarferilinn en hún og Haraldur Þór héldu utan um þá vinnu í samvinnu við Hagvang. Staðan var auglýst um miðjan febrúar. Sex umsækjendur uppfylltu kröfur er gerðar voru til umsækjenda og þrír voru teknir í lokaviðtal. Greinargerð Hagvangs varðandi ferilinn og hæfni umsækjenda fylgdi fundargögnum. Stjórnin fór vandlega yfir fyrilliggjandi gögn. Ása og Haraldur fóru yfir þá vinnu sem fram hefur farið varðandi ráðningarferlið, viðtöl, yfirferð gagna og könnun umsagna og þar með almenna hæfni umsækjenda til að gegna stöðunni.

Eftir að hafa metið ýtarlega fyrilliggjandi gögn þá er það niðurstaða stjórnar að Gunnlaugu Hartmannsdóttur, skólastjóra Flóaskóla, verði boðið starfið. Stjórn samþykkir að fela Ásu og Haraldi að ganga frá ráðningunni í samræmi við umræður á fundinum.

Róbert Ragnarsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Freyja Sigurgeirs dóttir frá KPMG mættu til fundarins ásamt Anný Ingimarsdóttur kl. 8:25.

## 2. KPMG niðurstaða.

Bryndís fór yfir þá vinnu sem nú er í gangi varðandi breytingar á samningum og þeim skráningum sem nauðsynlegar eru til að breytt þjónusta geti tekið til starfa af fullum krafti. Freyja fór yfir stöðuna á umsókn um undanþágu frá lögum um stærð barnaverndarsvæða en ekki er talið að það verði vandkvæði á því að fá þá undanþágu. Róbert fór yfir framhaldið og mikilvægi þess að starfsmenn fái tækifæri til að lenda í sínum störfum. Hann leggur til að frekar stefnumótun verði þá framhaldið með vorinu og síðla sumars. Starfsmenn KPMG leiddu síðan stjórn í samtali um það hvaða lerdóm megi draga af ferlinu öllu og hvaða reynslu við getum nýtt okkur við framtíðar uppbyggingu þjónstunnar. Hvað hefur gengið vel og hvað við hefðum getað gert betur.

Stjórn sammála um að verkefnið hefur verið ákveðið lerdómsferli en gengið framar vonum, þrátt fyrir að hafa tekið mjög skamman tíma.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.08:55.

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Sigursveinn Már Sigurðsson  
Kt. 1502803039  
Dags. 9.3.2023 08:55:49  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Guðmundur Gíls Einarsson  
Kt. 0911542509  
Dags. 11.3.2023 18:18:45  
Ástæða: Undirritun



FRÆÐSLUNETID  
Símenntun á Suðurlandi  
Lærum allt lífð

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Hulda Kristjánsdóttir  
Kt. 3001843249  
Dags. 9.3.2023 09:12:23  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Magðalena Karlotta Jónsdóttir  
Kt. 0108653449  
Dags. 9.3.2023 09:58:43  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Valdimar Hafsteinsson  
Kt. 0902665869  
Dags. 9.3.2023 10:45:00  
Ástæða: Undirritun

## 155. fundur í stjórн Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjöлheimum 07.03.2023 kl. 16.30

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Valdimar Hafsteinsson, Hulda Kristjánsdóttir, Magðalena Jónsdóttir (í Teams) og Gils Einarsson (í Teams) og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

### 1. Fræðslustarfíð á vorönn 2023

Eyjólfur fór yfir áætlað nám á vorönn. Gerður var samningur við Birtu starfsendurhæfingu vegna námsleiðarinnar Stökkpallur sem er virkniúrræði. Heldur meira í boði en verið hefur af vottuðum námsleiðum.

Undir virkninámskeiðum er námskeiðið Landneminn nýtt námskeið sem er tilkomið vegna komu flóttamanna og er það kennt á Laugarvatni í staðnámi.

Fræðsla fyrir fullorðið fatlað fólk með svipuðu sniði og verið hefur.

Fyrirtækjajónusta að lifna við og þar eru nokkur verkefni í gangi eða að ljúka. Mikið samstarf við Markaðsstofu Suðurlands í námskeiðum sem snúa að ferðaþjónustunni.

Fjölmög íslenskunámskeið fyrir útlendinga eru keyrð á vorönn og mikil eftirspurn eftir námskeiðunum. Fræðslunetið fékk meira úthlutað en búist var við en það var tilkynnt seint og því erfitt að skipuleggja námskeiðin út frá því. Því er kennsla ekki hafin í hluta af námskeiðunum.

Námskeiðum í miðlalæsi eldri borgara eru að ljúka og námskeið í ljósmyndun er að hefjast í Hveragerði.

Raunfærnimat mikið sótt og mikil áhersla verður lögð á það áfram.

### 2. Starfsáætlun Fræðslunetsins fyrir 2023

Starfsáætlun lögð fram og kynnt fyrir stjórн en hún er einnig send til ráðuneytis. Engar athugasemdir gerðar við starfsáætlun.

### 3. Starfsmannamál

Farið yfir stöðu starfsmannamála. Framkvæmdastjóri átti fund með sveitarstjóra í Vík um stöðu starfsmannamála Fræðslunetsins þar á svæðinu.

### 4. Önnur mál

- Fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri flutti stjórн helstu fréttir úr starfseminni.  
Þann 12. febrúar lést Jón Hjartarson starfsmaður og fyrsti framkvæmdastjóri Fræðslunetsins og minntist stjórн Fræðslunetsins hans með viðeigandi hætti.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:30

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð



HRUNAMANNAHREPPUR

GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPURSKEIÐA- OG  
GNÚPVERJAHREPPUR

FLÓAHREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAHREPPUR

## Seyrustjórn

8. fundur seyrustjórnar var haldinn í Huppusalnum í félagsheimilinu Flúðum, þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, formaður og oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

### 1. Árskýrsla þjónustufulltrúa seyruverkefnisins 2022.

Lögð var fram árskýrsla þjónustufulltrúa seyruverkefnisins fyrir árið 2022. Halldóra kynnti skýrsluna fyrir stjórnarmönnum. Farið var yfir möguleg framtíðarverkefni m.a. móttöku seyru yfir vetrarmánuðina. Hannibal fór yfir það að ásókn í að fá að losa fyrir á vorin og yfir veturninn hefur aukist og mun bara aukast. Seyruverkefnið á þrjá gáma sem mögulega væri hægt að nýta í móttöku ef af yrði, jafnframt þyrfi að breyta starfsleyfi ef verkefnið yrði tekið áfram. Aldísi var falið að taka saman gögn um vetrarhreinsanir annars vegar hjá aðildarsveitarfélögum og hins vegar alla vetrarhreinsanir frá Hreinsitækni til að skoða á næsta stjórnarfundi. Halldóru var falið að skoða nánara samstarf við grunnskóla aðildarsveitarfélaganna.

Aldísi falið að útbúa auglýsingu og auglýsa eftir sumarstarfsmanni í tímabundna stöðu.

### 2. Minnisblað frá LEX um rekstrarfrom seyruverkefnisins.

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá LEX um rekstrarform seyruverkefnisins. Umræða varð um verkefnið. Akveðið var að hver stjórnarmaður muni ræða við sína sveitarstjórn um næstu skref.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.

# Ársskýrsla Seyruverkefnisins 2022.




Halldóra Hjörleifsdóttir

Djónustufulltrúi Seyruverkefnisins

### Saga verkefnisins:

Það hefur verið verkefni í gegnum árin að finna farveg fyrir seyru sem safnast upp í rotþróm. Hrunamannahreppur hafði áhuga á því að finna lausn á því verkefni sem fæli í sér að nýta seyruna heima fyrir í stað þess að keyra hana um langan veg til urðunar. Það var því úr að í lok árs 2011 var lögð fyrir sveitarstjórn Hrunamannahrepps hugmynd að því að kanna möguleika á nýtingu fastefnis rotþróa til landgræðslu eða skógræktar og koma á fót tilraunaverkefni í því skyni. Haft var samband við Landgræðslu ríkisins og í mars 2012 gerðu Landgræðslan og Hrunamannahreppur með sér þriggja ára samning um tilraunaverkefni um nýtingu seyru til uppgræðslu á afgirtu landi á Hrunamannafrétti í svo kallaðri Gullfossgirðingu. Í stað þess að flytja seyru um langan veg til urðunar var hún grófhreinsuð og flutt í landgræðslugirðingu fremst á afréttinum þar sem hún var felld niður í gróðurrýra mela til að sjá hvernig hún nýttist til landgræðslu.



Starfsmenn Hrunamannahrepps mældu inn og mynduðu allar rotþrær í sveitarfélagini og komu skráningu á stafrænt form í samstarfi við Loftmyndir. Það kerfi er enn notað í dag og heldur það utanum allar upplýsingar um hverja rotþró.

Í byrjun verkefnisins var 60-70% af efni tekið úr þróm og safnað í gám á móttökusvæði eftir að því hafði verið safnað saman var það síðan tekið uppí niðurfellingartank. Keyrt var með efnið upp í landagræðslugirðingu þar sem það var fellt niður í jarðveginn. Hreinsitækni og Stífluþjónusta Suðurlands sáu um að hreinsa rotþrær á svæðinu og Fögrusteinir um að keyra uppeftir og fella niður í landgræðslugirðingunni. Verkefnið stóð í þrjú ár og var unnið með samþykki

Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Landgræðslan fylgdist með framvindu og árangri uppgræðslunnar og gerði mælingar á gróðri fyrst haustið 2015.

Þegar Sorpa ákvað skyndilega að hætta móttöku á seyru árið 2014 lentu mörg sveitarfélög í vandræðum með afsetningu á seyru. Eftir samtal Uppsveita og Flóa var farið í að kanna með samvinnu um vinnslu og nýtingu á seyur eftirtalinna 5 sveitarfélaga: Bláskógarbyggðar, Flóahrepps, Grímsnes-og Grafningsharepps, Hrunamannahrepps og Skeiða-og Gnúpverjaharepps.





Tæknisvið UTU hélt utan um og stjórnaði fjárfestingum vegna seyrusvæðisins í upphafi samstarfsins. Hrunamannahreppur sá um framkvæmd og umsjón verkefnisins og er umsjónarsveitarfélag enn þann dag í dag.

Í byrjun árs 2015 var samþykktur samstarfssamningur um verkefnið hjá sveitarfélögunum. Breytt var um aðferð við afsetningu seyrunnar þar sem kostnaðarsamt og erfitt var að fella seyruna niður auk þess sem þessi aðferð fól í sér að mikið af vatni var keyrt uppeftir. Farið var í það að safna seyrunni, afvatna hana, kalka og yfirborðsdreifa með þar til gerðum vagni. Leitað var í reynslubanka nágranna landa og árið 2015 var keyptur kalkari að fyrirmynnd Færeyinga og Dana og var hann settur upp á móttökusvæðinu í Hrunamannahreppi enda var þar leyfi fyrir þess háttar starfsemi. Kalkarinn var tekin í notkun vorið 2016 og var þá var farið úr því að fella niður seyruna í stað þess að yfirborðsdreifa henni. Steypt var plan undir kalkarann sumarið 2017 til að gera aðstöðuna betri til vinnslu seyrunnar.

Í lok árs 2017 óskaði Ásahreppur eftir að koma inn í verkefnið og í febrúar 2018 var gengið frá samstarfssamningi 6 sveitarfélaga um rekstur á verkefninu. Það er Ásahrepps, Bláskógbabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes-og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

Verkefnið þróaðist áfram og árið 2018 var samþykkt að kaupa hreinsibíl til hreinsunar á þróm og kom hann til landsins í lok júní 2018. Byrjað var að nýta bílinn í lok júlí það sama ár. Bílinn var keyptur með búnaði til að hreinsa aukahluti úr seyrunni, sigti, og reynist það vel en þó nokkuð er af aukahlutum í seyrunni þá sérstaklega blautklútum. Búnaðurinn var hannaður af Hannibal veitustjóra í Hrunamannahreppi, Berki starfsmanni tæknisviðs UTU og fyrirtækinu Simon Moos í Danmörku, Fyrirtækið sá um smíði á búnaðinum og að koma honum fyrir á bílum. Einnig sáu Simon Moos um þjálfun á starfsmönnum bílsins. Tveir starfsmenn voru ráðnir á bílinn. Bílstjóri og aðstoðarmaður.






Í lok árs 2018 var samþykkt að byggja yfir starfsemina og var það gert á Flatholti 2, við móttökusvæðið í Hrunamannahreppi. Verkið var boðið út 2019 og eftir opnun útboðs var samið við Landstólpa um byggingu á húsinu og jarðvinnu. Áhaldahúsið sá um að leggja vatnslagnir í húsið og Fjallaraf sá um lagningu rafmagns.

Húsið var tekið í notkun í byrjun árs 2020 og breytti það miklu með reksturinn á svæðinu að koma honum inn í hús.

Húsið er um 880 fm. (lengd 35 m og breidd 25 m) með 7 m vegghæð.


Í byrjun árs 2020 var ráðinn þjónustufulltrúi í 100 % starf til verkefnisins og hóf hann störf þann 1.mars 2020. Keypur var Toyota Hilux fyrir þjónustufulltrúann. Starfssvið hans er að vera tenging milli fasteignaeigenda, skrifstofa sveitarfélaganna og verkefnisins og annast hann öll samskipti við fasteignaeigendur.



Verkefnið hefur verið mikið frumkvöðlastarf frá því það hófst og eiga Hannibal Kjartansson veitustjóri Hrunamannahrepps, Jón G. Valgeirsson fyrrum sveitarstjóri Hrunamannahrepps og Börkur R. Brynjarsson fyrrum starfsmaður tæknisviðs UTU mestan þátt í því að koma verkefninu á þann stað sem það er í dag. Verkefnið hefur stækkað ár frá ári. Rotþrær á svæðinu eru um 7000

í lok árs 2022 og fjölgar ört. Hreinsitækni kemur einnig með efni til vinnslu á Seyrustöðum sem er safnað fyrir utan okkar svæði. Fleiri aðilar hafa óskað eftir að koma með efni til vinnslu á Seyrustöðum.

Í lok árs 2022 eru Seyrustaðir eina vinnslustöð sinnar tegundar á Íslandi.



### **Starfsmannamál.**

Stöðugildi við verkefnið eru 3 á meðan á hreinsun stendur en yfir vetrarmánuðina þegar ekki eru hreinsaðar þrær færast bílstjórarnir inní starfsmannahóp áhaldahúss Hrunamannahrepps.

Starfsmenn hjá verkefninu þetta árið voru eftirtaldir:

Atli Geir Scheving í 100 % starfi á seyrubíl

Ingibjörn Öxndal í 100% starfi á seyrubíl


Halldóra Hjörleifsdóttir 100% sem þjónustufulltrúi í afleysingum.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir þjónustufulltrúi var í leyfi frá upphafi árs. Þann 1.apríl tók Halldóra Hjörleifsdóttir til starfa í afleysingum fyrir Áslaugu Öldu. Fyrst í 50% starfi en frá 15.júní í 100% starfi.

Júlíus Sveinsson bílstjóri hætti störfum hjá verkefninu í byrjun árs. Atli Geir Scheving var ráðinn sem yfirbílstjóri í hans stað. Atli færðist því til í starfi og í hans starf var ráðinn Ingibjörn Öxndal.

Í sumar var ráðinn inn sumarstarfsmaður í áhaldahús Hrunamannahrepps.

Verkefnið fékk að nýta þann starfsmann og kom hann inn sem afleysingamaður á seyrubílinn og einnig var hann töluvert í móttöku og þrifum á Seyrustöðum.





### **Verkefni starfsmanna hreinsibíls.**

Það voraði vel og því var hægt að hefja hreinsun á rotþróm snemma þetta árið. Fyrsti hreinsunardagur var 19.apríl 2022. Haustið var einnig mjög gott og því var hægt að hreinsa til loka nóvember. Síðasti hreinsunardagur var 23.nóvember sl.. Farið var í 2575 þrær í 2651 ferð. Helgast það af því að í sumum tilfellum þurfti að fara aftur í þró þar sem ekki var hægt að komast að, ekki aðgengi fyrir stóran bíl sökum gróðurs, slæmra mjórra vega, of lítil hliðaop, læst hlið, of litlir stútar ofl.


	okkar bíll	Hreinsitækni
samtals þrær	2575	1578
Hreinsaðar	2108	1289
Óhreinsaðar	407	255
aukalosanir	60	34
		26

Tölur yfir stöðu rotþróa á hreinsunarsvæði sem farið var yfir 2022




Aldrei hefur meira magn af seyru komið inn til vinnslu á Seyrusstöðum. Samtals komu 1.162.210 kg af seyru í gegnum húsið árið 2022.

Hér má sjá kg skiptingu milli sveitarfélaga í magni seyru




Hér má sjá magntölur síðustu ára



2020 var samtals 871.815, 2021 var samtals 913.589 kg, 2022 var samtals 1.162.210 kg




Samtals ók bílinn okkar 11.867 km á árinu í tengslum við hreinsun.



Hér að má sjá ekna km í tengslum við hreinsanir síðustu ára.


Auk þess sem að starfsmenn bílsins voru í hreinsun á rotþróum sinntu þeir almennu viðhaldi á bíl og á Seyrustöðum í samstarfi við starfsmenn áhaldahúss Hrunamannahrepps.

Bílstjórar sinntu einnig móttöku og þrifum á Seyrustöðum. Sumarstarfsmaður áhaldahúss Hrunamannahrepps, kom inn sem afleysisgamaður á seyrubílinn og sinnti móttöku og þrifum á Seyrustöðum. Það sýndi sig í sumar að nauðsynlegt er fyrir verkefnið að geta fengið afleysisgarmann til að koma inn þegar þess þarf.



## Verkefni þjónustufulltrúa.

Nýr starfsmaður, í afleysingum, hóf störf 1.apríl í 50% starfi. Í fyrstu fór tíminn í að setja sig inn í starfið og læra á kerfið og verkferla. Vinnan til að byrja með fólst í að setja niður verkefni sumarsins og uppfæra verkferla með það að markmiði að gera þá skýrari. Frá 15.júni var þjónustufulltrúinn í 100% starfi.



Starf þjónustufulltrúa felst í grófum dráttum í að svara erindum frá rotþróareigendum, koma upplýsingum frá verkefninu á framfæri ,skrásetja rotþrær,skoða aðstæður í tengslum við rotþrær, vinna gögn til uppgjörs og reikningagerðar, yfirfara kerfið og halda upplýsingum þar uppfærðum , vinna eða láta vinna kynningarefni, samskipti við aðildarsveitarfélögini og aðra aðila

er tengjast starfseminni.

Unnið er með með loftmyndakerfið, map.is/seyra til að halda utanum skráningar í tengslum við rotþrærnar. Kerfið hefur tekið nokkrum breytingum á árinu sem eru til mikilla bóta. Nú er verið að vinna í yfirferð á öllum skráðum þróm í kerfinu og að tengja rétt fasteignanúmer við rotþróarnúmer. Þetta er nauðsynlegt til að raun upplýsingar um rotþrær séu í kerfinu. Ekki er búið að yfirfara allar þrær í kerfinu en gert er ráð fyrir að sú vinna klárist fyrir vorið 2023.

Loftmyndakerfið býður upp á að hægt sé að tengja eigendur og símanúmer þeirra við rotþróarnúmer og senda á auðveldan hátt skilaboð til eigenda í gegnum síma. Það kerfi heitir Skjóða. Það er mjög nauðsynlegt að Skjóðan verði komið í gagnið áður en við byrjum að hreinsa í vor og er unnið markvisst að því að það geti orðið. Nú eru Loftmyndir komnar með upplýsingar frá einu sveitarfélagi og er verið að vinna í að prufukeyra það inn í Skjóðukerfið.

Það þarf að huga að því að þær upplýsingar sem liggja bak við rotþróarnúmer þurfa að vera lifandi þar sem töluverð eigendaskipti eru á svæðinu.

Aðal aðstaða þjónustufulltrúa hefur fram til þessa verið á Borg. Nú um áramót breyttist það en þá var tekin í gagnið skrifstofa í áhaldahúsi Hrunamannahrepps fyrir þjónustufulltrúann. Með því er starf þjónustufulltrúans meira tengt við




Seyrustaði sjálfa og móttöku og þrif þar en þjónustufulltrúinn sinnti því töluvert á árinu.

Hreinsitækni vinnur sem verktaki með okkur í að hreinsa þrær á svæðinu, auk þess sem fyrirtækið er að koma með seyru til vinnslu frá öðrum svæðum.


Þjónustufulltrúi er í miklum samskiptum við starfsmenn Hreinsitækni. Mikilvægt er að funda með þeim til að setja niður betra skipulag á hreinsunarsvæði fyrir næsta sumar.

### Aðgengismál.

Nokkuð er af „rauðum þróm“ á svæðinu, en rauðar þrær eru þrær kallaðar sem ekki er hægt að þjónusta vegna aðgengis og gerða þróa. Samtals voru 407 þrær sem ekki var hægt að þjónusta þetta árið.



Aukalosanir þetta árið voru samtals 60 og tengist það oft því að töluvert er um þrær sem falla ekki að því verkefni sem þær eiga að sinna hvorki varðandi útfærslu eða stærð. Reynt hefur verið að koma kynningarefní á framfæri varðandi hvernig skuli staðið að vali og staðsetningu á þróm og vonandi skilar það sér.




Fara þarf í átak varðandi bætt aðgengi að þróm og fasteignum. Nú liggur fyrir jákvætt svar um sameiginlegt átak með HMS, Brunavörnum Árnessýslu og fleiri viðbragðsaðilum þar sem lögð verður áhersla á nauðsyn þess að góð aðkoma sé að öllum fasteignum að svæðinu. Bæði svo hægt sé að sinna þjónustu en ekki síður svo sinna megi



björgunarstörfum sé þess þörf.



Fasteignaeigendur eru flestir lausnamiðaðir og vilja hafa hlutina eins og best verður á kosið. Ég ber því miklar vonir til að með þessu átaki munum við sjá mikla breytingar til batnaðar í aðgengismálum.



### Vígsla Seyrustaða.


Í ágúst 2022 voru Seyrustaðir formlega vígðir. Boðið var til veislu sem hófst á því að farið var inn á afrétt og landgræðsluslusvæðið skoðað. Síðan var farið á Seyrustaði þar sem umhverfis-, orku- og lofslagsráðherra afhjúpaði skilti með nafni hússins og vígði húsið formlega. Að því loknu var boðið uppá veitingar í Félagsheimili Hrunamanna auk þess sem frumsýnt var kynningarmyndband þar sem ferli seyruvinnslunnar er kynnt.

Góð mæting var og heppnaðist dagurinn mjög vel.



### Afrétturinn - Landgræðsluslusvæði.

Á árinu var dreift um 1.110 tonnum af seyru á afréttinni. Í hana var blandað 30 tonnum af kalki það voru því um 1140 tonn sem dreift var á afréttinni. Stærð svæðisins sem unnið hefur verið á er um 22 ha en aðgerðir hvers árs hafa einungis háð til hluta þess í einu (2-9 ha árlega).



Skráningar á dreifingarferlum voru ekki marktækar á árinu. Þar virðist sem mistök hafi verið gerð í skráningu og reiknast okkur til að það vanti skráningu á a.m.k 10 ferðum. Á myndinni hér að neðan (mynd frá Landgræðslunni) má sjá dreifingarsvæði ársins 2022.



mynd fengin úr skýrslu Landgræðslunnar.

Gefin var út skýrsla hjá Landgræðslunni í haust um úttekt á uppgræðslusvæði verkefnisins. Þar koma fram ýmsar athugasemdir sem vert er að skoða til framtíðar. Í grófri samantekt tengjast athugasemdirnar því helst að við getum nýtt seyruna betur og dreift á stærra svæði til landgræðslu. Einnig að þörf er á að skipuleggja betur hvaða svæði er dreift á hverju sinni.


Nauðsynlegt er að fara í þá vinnu að hnítsetja dreifingarsvæði og setja upp áætlun um dreifingarsvæði hvers árs.

Nú er samningurinn við Landgræsluna í endurskoðun og spurning hvort hægt er að fá Landgræsluna til að sjá um hnítsetningu og skipulag á landgræðslusvæðinu.



## Framtíðarsýn.

Með fjölgun á þróm á starfsvæði verkefnisins og auknu magni af seyru til vinnslu líður að því að koma þurfi upp svæði eða geymsluplássi fyrir seyru þann tíma sem ekki er hægt að keyra hana til dreifingar inná afrétt. Huga þarf að því að hefja þá vinnu sem fyrst.



Nauðsynlegt er að vinna að því að verkefnið geti séð um hreinsun á öllum þróm sjálft með því að kaupa annan minni bíl sem er 4x4.

Aðgengismál hafa mikið að segja varðandi framkvæmd verkefnisins og kostnað við framkvæmd þess. Því þarf að huga að því að setja skýrar, sameiginlegar, reglur um staðsetningu á þróm og aðgengi að þeim. Skipulagsáætlarnir geta komið sterkt þar inn. Má nefna að með því að ákveða að í öllum nýjum hverfum verði sett krafa um sameiginlega fráveitu verður öll hreinsun auðveldari og kostnaðarminni.


Það gæti verið átak í byrjun og kostnaðarsamt en til framtíðar ætti það að vera hagkvæmara fyrir alla að geta náð niður kostnaði við verkefnið með auðveldari hreinsun.

Eitt af þeim verkefnum sem liggja fyrir er að fundinn verði farvegur fyrir efni úr fituskiljum. Þjónustufulltrúi hefur verið í sambandi við formann Sorpstöðvar Suðurlands, SOS, varðandi þá vinnu. Hjá SOS er verið að vinna í að finna ferli fyrir þetta efni á starfssvæði þeirra. Nauðsynlegt er að klára samninga um þessa ferla sem fyrst þar sem í dag er ekki neinn staður fyrir sveitarfélög og fyrirtæki í sýslunni að losa sig við það efni.

Huga má að því til framtíðar að verkefnið geti tekið þetta efni inní ferla hjá sér og nýtt til áburðarframleiðslu.

Hjá ríkinu er hafin vinna við vegvísí um bætta nýtingu lífrænna efna. Seyruverkefnið er einn af þeim hagsmunaaðilum sem taka þátt í þeirri vinnu.

Mikil vakning er hérlandis í að nýta þau lífrænu efni sem falla til í landinu til áburðar og



matvælaframleiðslu.

Seyruverkefnið fellur vel þar inn og hefur alla burði til að stækka og verða víðtækara í framleiðslu á lífrænu áburðarefni. Hugmyndir eins og að nýta seyruna til moltugerðar þar sem hún er nýtt með lífrænu efni sem fellur til á svæðinu frá heimilum og öllum þeim fjölmörgu garðyrkjufyrirtækjum á svæðinu er verkefni sem við ættum að skoða og fara að vinna að.

Metanframleiðsla úr seyrunni, sem við gætum nýtt á bílana okkar er líka spennandi framtíðarverkefni.

### **Kynningarefni.**

Verkefnið á heimasíðuna [www.seyra.is](http://www.seyra.is). Þar inni eru upplýsingar sem tengjast verkefninu og margs konar kynningarefni. Unnið er að því að uppfæra síðuna og er sú vinna á lokametrunum.

Unnið er að því að gera lógó fyrir verkefnið og er það verkefni einnig á lokametrunum.

Í byrjun sumars var gerð fésbókarsíða fyrir verkefnið. Hún er nýtt til að koma upplýsingum á fljótlegan hátt til fólks. Það hefur reynst vel að nýta fésbókarsíðuna og greinilegt að einhverjur eru að fylgjast með upplýsingum sem koma fram þar. Gott er að geta deilt efni inn á síður aðildarsveitarfélaganna og íbúahópa þeirra á fésbókinni.



Í sumar var samið við Promynd um gerð kynningarmyndbands. Myndbandið heppnaðist vel og gerir góða grein fyrir vinnsluferli Seyrunnar. Gert er ráð fyrir að nýta efni úr þeirri vinnu til að gera frekari kynningarefni t.d með því að setja upp myndir af framleiðsluferlinu á Seyrustöðum.

Flúðaskóli fékk styrk til að vinna verkefni er snýr að sjálfbærni, áburði, uppgræðslu og vatnsnotkun og vatnsnýtingu. Verkefnið er unnið í samvinnu við danskan skóla. Seyruverkefnið kemur einnig að þeirri samvinnu. Ein afurð verkefnisins eru upplýsingar og kynningarefni sem sett verða á nokkur tungumál. Þær upplýsingar verða settar á heimasíðuna okkar.



Í samstarfi við Brunavarnir Árnessýslu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og viðbragðsaðila á okkar svæði verður unnið kynningarefni er tengist aðkomumálum. Sú vinna er á byrjunarreit en vonir eru bundnar við að hægt verði að fara í átak strax nú í vor er tengist bættri aðkomu að fasteignum.

### **Lokaorð.**

Verkefnið gekk vel á árinu og veðurfar var mjög hagstætt til hreinsunar. Mörg verkefni liggja fyrir til að halda áfram að þróa verkefnið, gera vinnuna auðveldari og gera samskipti við rotþróareigendur þægilegri og fljótvirkari.

Því skýrari sem allar reglur um verkefnið og framkvæmd þess eru því auðveldara er fyrir rotþróar eigendur að fara eftir reglunum og fyrir þjónustufulltrúa að hafa til að vinna með í samskiptum við rotþróareigendum.

Höldum áfram að vera framsækin og stíga skref í átt til framtíðar með þróun á þessu mikilvæga samvinnu verkefninu okkar.



## Faghópsfundur – fjarfundur - 13.03.2023– kl. 10.00

Mættir: Ragnhildur Sveinbjarnardóttir (MSS), Nejra Mesetovic (MSS), Vala Hauksdóttir (MSS), Ólafur Rafnar Ólafsson (Sveitarfélagið Árborg), Árdís Erna Halldórsdóttir (Sveitarfélagið Hornafjörður), Valtýr Valtýsson (Ásahreppur), Einar Kristján Jónsson (Skaftárhreppur), Harpa Elín Haraldsdóttir (Mýrdalshreppur), Ásborg Arnþórsdóttir (Uppsveitir Árnессýslu),

### Dagskrá:

- **Útgáfa, prentun og dreifing korta**
- **Aðkoma sveitarfélaga að uppbyggingu áfangastaða í einkalandi**
- **Þjónustukönnun Markaðsstofunnar til sveitarfélaga á Suðurlandi**
- **Hvað er á döfinni á svæðinu**
- **Önnur mál**

### Fundapunktar:

#### **Útgáfa, prentun og dreifing korta**

Vala fór yfir kortaprentun og rætt var um upplag og stöðu hjá svæðunum. Miðsvæði og austursvæði eru með slatta af upplagi en prenta þarf Gullna hrings kortið, þar sem er ekki mikil eftir af þeim. Það flækir svolítið stöðuna að ekki sé verið að prenta alla kortaserfuna í einu. Gott væri að allir taki stöðuna hjá sér og láta MSS vita hvað þau eiga mikil af kortum. Þá er hægt að taka ákvörðun um prentupplag og dreifingu. Viðstaddir voru sammála um að fylgja reiknireglu fyrri ára um kostnaðarskiptingu. Þá kom til umræðu að leita leiða til að miðla kortunum rafrænt, á notendavænan hátt. Þannig sparist prent- og dreifikostnaður og ferðamenn geti nýtt þau á ferðinni, með símunum sínum.

#### **Aðkoma sveitarfélaga að uppbyggingu áfangastaða í einkalandi**

Faghópsfulltrúi sveitarfélags sendi inn fyrirspurn varðandi hlutverk og aðkomu sveitarfélaga að uppbyggingu áfangastaða í einkalandi. Til að mynda hver bæri ábyrgð á umsjón og viðhaldi, hvert eignarhald á innviðum væri (t.d. göngubrúm) og annað er við kemur viðhaldi áfangastaða. MSS kannaði málið á meðal annarra landshluta. Svipuð vafamál þekkast víðar á landinu en lítið var um lausnir. Umræður um þetta sköpuðust á fundinum en enginn gat komið með dæmi um reglugerð eða áætlun sem hægt er að fylgja.

Rætt var um hvort að MSS ætti að hefja vinnu við að móta áætlun um þetta og fá nokkra aðila úr faghópnum að vinnunni. Einnig að fá utanaðkomandi ráðgjöf, t.d. frá lögfræðingi Ferðamálastofu. Það yrði til mikilla bóta fyrir sveitarfélög og landeigendur að eiga leiðarvísi eða handbók um uppbyggingu áfangastaða í einkalandi; í takt við. Handbók um hjólateiðir og Handbók um gönguleiðir.

#### **Þjónustukönnun Markaðsstofunnar til sveitarfélaga á Suðurlandi**

Könnun meðal sveitarfélaga á Suðurlandi um starfsemi og hlutverk Markaðsstofu Suðurlands. Framkvæmdastjóri fer yfir upsetningu könnunar. Könnunin verður um samstarf MSS við sveitafélögin og verða spurningar lagðar fram til bæjarráðs sveitafélaga. Stjórn MSS stakk upp á því að faghóps fulltrúar taki umræðuna með sínu bæjarráði/sveitarstjórn og aðstoði þau við að svara könnuninni, og sama tíma kynna fyrir þeim starf MSS. Faghópsfulltrúar tók vel í þessa hugmynd og eru tilbúnir við að aðstoða. MSS gerir stutta kynningu á starfseminni og lætur hana fylgja könnuninni.

## Hvað er á döfinni á svæðinu

Ásborg:

- Góð stemmning, mikið af fólk í svæðinu.
- Ýmsar nýjar hugmyndir á teikniborðinu hjá ferðaþjónustunni.
- Bókanir líta vel út og fólk er tiltölulega bjartsýnt.
- Verið er að móta Gullna Hringborðið og búið að halda nokkra fundi með mismunandi fólk.
- Biðja fólk um að hjálpast að halda uppi jákvæðri umræðu um Gullna hringinn.

Ólafur Rafnar:

- Verið er að breyta upplýsingamiðstöðinni sem er kominn aftur í Ráðhúsið. Þetta verður upplýsingamiðstöð, þjónustuborð ráðhússins og bókasafn, allt á einum stað.
- Vor í Árborg er næsti stóri viðburður á döfinni.
- Varkárni í fjármálum, engar ónauðsynlegar framkvæmdir eða verkefni á borði sveitarfélagsins sem stendur.
- Vonast til að vera með þjónustumiðstöð á Eyrabakka og halda Knarrarósvita opnum.
- Verið er að gera nýja heimasíðu sem heitir Selfoss Area í samstarfi við Flóann. Hvetur MSS að nota QR kóða meira, til að sækja t.d. kort og annað.

Valtýr:

- Bókanir líta vel út og stefnir í met ár í komu ferðamanna. Greinilega mikið verið að skipuleggja ferðir til Íslands en auðvitað fylgja því einhverjar áskoranir. Gaman að sjá að við erum á lista yfir þau lönd sem Kínverjar mega nú heimsækja.
- Innan Ásahrepps er veri að leggja áherslu á göngu og hjóla stíga, verið að setja sveitafélagið í nokkurskonar eyjur, þá verður hægt að komast í gengum sveitafélagið á grænan hátt.
- Varðandi hálandi, það sem er núna að gerast, í Hrauneyjum og mikil uppbygggin í Kerlingafjöllum og þjórsárdalnum. Bláa Lónið búið að kaupa hluta af Hrauneyjum, og verður spennið að fylgjast með þeim, hvað þau gera og flæði ferðamanna.
- Margt spennandi að gerast og eru bjartsýn á framhaldið.

Harpa:

- Mjög margir ferðamenn í Vík, þar á meðal mikið af kínverjum. Mikið að gera og íbúar almennt ánægðir en margir með plan b og c um hvernig hægt verður að taka á móti þessum mikla fjölda sem von er á í sumar. Mikil uppbygging í gangi.
- Forsetinn kemur til Víkur í lok Mars, og íbúar eru að undirbúa bæinn fyrir þá heimsókn.
- Vor í vík á næstunni, gekk vel í fyrra og var á fárra höndum en verið að kalla til samfélagsins til að halda góðan viðburð. Viðburðurinn tengist umhverfismálum en einnig verður hraðskákmót, hið árlega Hjörleifshöfðahlaup og Endúró móti. Eini vandinn er hvar á að koma gestunum fyrir.
- Hugmyndir um að gera eitthvað í kringum Jónsmessuna og fá fyrirtæki með í það. Pop-up söngvar á tjaldsvæðinu eins og fyrra. Jafnvel koma af stað tónleikum.
- Íþrótt og æskulýðs fulltrúi ráðinn og sér um að efla Vík sem heilsueflandi samfélag.
- Núna í janúar sótti SASS um styrk til að þróa þekkingar tengda ferðaþjónustu á Kötlusvæðinu: útbúa rannsóknarferðapakka á svæðinu, þá getur fólk verið lengur á svæðinu að rannsaka og ferðast.


Árdís Erna:

- Mikill þungi í innviðauppbygginu, t.d. í Öræfunum, en verið er að vinna í skiltum og kortum á gönguleiðinni í Skaftafelli. Sama með gönguleiðina á Mýrunum.
- Verið að vinna úr styrknum sem var fengið fyrir Leiðarhöfða.
- Mikið í pípunum, hótel uppbygging, bæði innan og utan bæjar. Spennandi hugmyndir í pípunum um baðlón á Hoffelli.
- Ný sumar-afþreying í bígerð: Gljúfraferðir á Haukafells svæðinu.
- Áform um nýjan miðbæ á Höfn og nýr þjóðvegur í byggingu sem býður upp á þróun á nýjum áningarstöðum.
- Flottur hópur fólks tók að sé að skipuleggja Humarhátíðina sem er 30 ára í ár.
- Tveir fundir í næstu viku þar sem Ríki Vatnajökuls og Ferðafélag Austur Skaftafelssýslu og SVH fer yfir nokkur atriði varðandi hug um upplýsingamiðstöðina og ferðaþjónustuna yfir höfuð.

### Önnur mál

Stefnt er á að næsti fundur verði í maí.

Fundur slitinn: 12.00



**Fundur í stjórn Listasafns Árnesinga, haldinn í Listasafni Árnesinga 17.3 2023, kl.  
9:00**

**Mætt eru:**

Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Bjarni H. Ásbjörnsson og Kristín Scheving.  
Gestir fundarins eru Hrafnhildur Helgadóttir Arnar Leó Guðnason.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1) Ársskýrsla 2022**

Hrafnhildur og Arnar frá KPMG kynna ársskýrslu Listasafns Árnesinga.

Nýjar áherslur eru settar fram í upplýsingum í ársreikningi gagnvart gjöfum til Listasafnsins og hvernig þeim er komið á framfæri þær sem þær eru ekki eignfærðar beint í reikningum,

Tekjur hafa aukist sem helgast af auknum styrkjum til sérverkefna og meiri umsvifum í safnabúð.

Rekstur húsnæðis hefur dregist saman sem helgast af því að ekki gafst tóm til að fara í vinnu við að meta viðhald á húsinæðinu sem er orðið verulega aðkallandi.

Hagnaður af rekstri Listasafnsins er kr. 3.666.404,-

Nauðsynlegt er að halda vel utan um styrki og kostnað sem þeim fylgja. Formgera þarf styrki sem tekjur og draga fram kostnað í gjaldfærslum.

Bókfærðar eignir nema kr. 32.940.880. Listaverk eru ekki bókfærð. Eigið fé er kr. 5.193.619, skuldir kr. 27.747.261. Handbært fé í árslok nema kr. 94.365,-

Safnstjóra var þakkað fyrir að halda vel utan um reksturinn.

Stjórn og safnstjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Hrafnhildur og Arnar fóru af fundi að lokinni undirritun.

## 2) Önnur mál

Ragnheiður Jónsdóttir fékk heiðursverðlaun Myndlistaráðs er Árnesingur og verður með sýningu í Listasafni Árnesinga á næsta ári.

Hrafnkell Sigurðsson var heiðraður af Myndlistaráði og verður einnig með sýningu í Listasafninu næsta ár.

Formaður stjórnar skrifaði undir verktakasamning við Maximillian Riley sem tæknimann og hönnuðar hjá Listasafni Árnesinga. Samningurinn skal rúmast innan fírhagsáætlunar safnins.

Safnið fær til sín starfsnema frá Frakkandi næsta sumar og er nokkur eftirspurn eftir því að fá að vinna með safninu á þessum nótum.

Undirbúningur þriggja safna, Listasafnsins, Byggðasafns Árnesinga og Listasafns Íslands er að Ásgrímsleiðinni í Árnессýsslu.

Fundi slitið kl. 10:15

Njóður Sigurðsson Kristján Scheving  
Njörður Sigurðsson Kristján Scheving, safnstjóri.

# Fundargerð 920. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 17. mars kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósá Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson. Í fjarfundarsambandi voru Guðmundur Ari Sigurjónsson, og Jón Björn Hákonarson.

Magrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll og varafulltrúi hennar Helgi Kjartansson sat fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Staða kjaramála - 2301032SA**

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2023.

Inga Rún Ólafsdóttir og Helgi Aðalsteinsson viku af fundi kl. 12:50.

**2. Fjölgun NPA samninga á árinu 2023 - 2303011SA**

Lagt fram bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um fjölgun NPA samninga á árinu 2023. Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, gerði grein fyrir málinu. Í málí hans kom fram að vinna er í gangi og líkur á jákvæðri niðurstöðu á næstu vikum.

*Stjórnin þakkar þær skýringar sem fram komu á fundinum og óskar eftir því að endanlegar tillögur um fjölgun NPA-samninga verði kynntar á fundi stjórnar sem haldinn verður 30. mars n.k.*

Valur R. Halldórsson, Guðjón Bragason og Anna G. Björnsdóttir viku af fundi kl. 13:00.

**3. Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA**

Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir og Ólaffa B. Rafnsdóttir, ráðgjafar Attentus, komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir verklagi Attentus við ráðningu framkvæmdastjóra þar sem lögð er á áhersla á hlutlægar og faglegar aðferðir við mat á umsækjendum.

Fundi var slitið kl. 14:00